



FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

8. janúar 2010 – 6. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Samhentir kynnar



Eva María og Ragnhildur Steinunn hlakka til Söngva-keppni sjónvarpsins.

FÓLK 28

Á vit ævintýrana

Ingólfur H. Ingólfsson heldur til Tenerife í tilefni af sextugs-afmælinu.

TÍMAMÓT 20



Fimleikastjarna í Faust

Svava Björg sýnir einstaka fimi í Borgarleikhúsinu.


FÓLK 34

Justin og Kara valin best

KKÍ verðlaunaði besta körfuboltafólk fyrri hluta Iceland Express-deildanna í gær.

ÍPRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



HVESSIR V-TIL SÍÐDEGIS í dag verða sunnan eða suðvestan 5-10 m/s. Dálítil væta af og til V-til en annars víða skýjað með köflum. Hiti víða 0-6 stig en allt að 6 stiga frost norðaustan- og austanlands.

VEÐUR 4

Stjórnin heldur meirihluta

Ríkisstjórnin myndi halda velli yrðu niðurstöður kosninga í takt við nýja skoðanakönnun Fréttablaðsins. Vinstri græn bæta við sig verulegu fylgi en stuðningur við Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokk dalar.

KÖNNUN Stjórnarflokkarnir mælast með stuðning samtals 53,2 kjósenda samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Vinstri græn bæta við sig rúmum fjórðungi og tveimur þingmönnum, en fylgi við Samfylkinguna dregst saman og flokkurinn myndi missa tvo þingmenn samkvæmt könnuninni.

Vinstri græn mælast með 24,6 prósentu fylgi og 16 þingmenn samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Það er stökk upp um 5,4 prósentu-stig frá síðustu könnun, sem gerð var í október síðastliðnum. Í kosningum fékk flokkurinn stuðning 21,7 prósentu kjósenda og er því talsvert yfir kjörfylgi.

Samfylkingin fær stuðning 28,7 prósentu kjósenda og 18 þingmenn

kjörna samkvæmt könnun Fréttablaðsins, sem unnin var í gærkvöldi. Í síðustu könnun blaðsins naut flokkurinn fylgis 30,8 prósentu aðspurðra.


Fylgi við Sjálfstæðisflokkinn lækkar umtalsvert frá síðustu könnun. Alls sagðist 31,1 prósent myndi styðja flokkinn yrið kosið nú, en 34,8 prósent sögðust styðja flokkinn í könnun í október.

Litlar breytingar hafa orðið á fylgi Framsóknarflokksins. Flokkurinn mælist nú með 13,7 prósentu stuðning og níu þingmenn kjörna, en 14,1 prósent fylgi í síðustu könnun.

Hreyfingin fjórfaldar fylgi sitt milli kannana, og mælist með stuðning 1,6 prósentu kjósenda

Fylgi stjórnmalaflokkanna

Skoðanakönnun Fréttablaðsins 7. janúar 2010 - fjöldi þingmanna og fylgi (%)



nú og engan mann kjörinn, en 0,4 prósentu aðspurðra sögðust styðja flokkinn í október. Breytingarnar eru þó innan skekkjumarka.

Mikill munur er á stuðningi við fjóra stærstu flokkana eftir kynjum. Um 25 prósent karla styðja Samfylkinguna en tæplega 33 prósentu kvenna. Hlutföllin eru öfug hjá Sjálfstæðisflokki, sem nýtur stuðnings tæplega 38 prósentu karla en 24 prósentu kvenna.

Vinstri græn sækja sinn stuðning einnig umtalsvert meira til kvenna en karla. Um það bil 32 prósentu kvenna sögðust styðja flokkinn en 18 prósent karla. Framsóknarflokkurinn nýtur stuðning 17 prósentu hjá körlum en 10 prósentu hjá konum.

- bj / sjá síðu 4



FLJÚGANDI FÆRI Vetrarríkið að undanförunu er ekki fagnaðarefni allra en þeir sem stunda vetraríþróttir grípa tækifærið fegins hendi. Einn þeirra er Pálmi Ragnar Ásgeirsson sem ásamt félögum sínum lögðu leið sína í Hlíðarfjall á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/BIGGI

Hannar fyrir brettarisann K2

FÓLK Tískufyrirtækið Nikita hannar snjóbretti og bindingar fyrir K2, einn stærsta snjóbrettuframleiðanda heims.

Nikita fagnar tíu ára starfs-afmæli sínu nú í ár og munu aðstandendur fyrirtækisins gera ýmislegt til að halda upp á þann áfanga.



RÚNAR ÓMARSSON

Rúnar Ómarsson, einn þriggja eigenda Nikita, segir að það hafi alltaf verið ætlunin að fyrirtækið myndi vaxa og dafna með árunum. „Velgengnin kemur því kannski ekki á óvart en við erum mjög ánægð með þetta.

Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað á þeim tíu árum sem liðin eru síðan fyrirtækið var stofnað og fást vörur þess nú í um 1500 verslunum í meira en þrjátíu löndum.

- sm / sjá síðu 34

Forsetinn hafnar því að óvissa ríki um ríkisábyrgð eldri Icesave-laga:

„Skrítið að segja lögin ómerk“

Efnaðagsmál Ólafur Ragnar Grímsson er þeirrar skoðunar, sem fyrr, að felli þjóðin ný lög um Icesave í þjóðaratkvæðagreiðslu þá verði eldri lög um ríkisábyrgð, sem samþykkt voru í lok ágúst, eftir sem áður í gildi. Um þetta ríkir þó óvissa þar sem ríkisábyrgðin sem lögin fjalla um er háð því að viðsemjendur Íslands, Bretar og Hollendingar, viðurkenni þá fyrirvara sem þar eru tilgreindir. Björg Thorarensen, deildarforseti lagadeildar HÍ, hefur bent á að lögin taki gildi en ríkisábyrgðin verði hins vegar ekki virk nema viðsemjendur fallist á fyrirvarana.

Um þetta atriði var Ólafur ítrekað spurður á Bessastöðum í gær og hvort lögin geti tekið gildi ef ríkisábyrgðin verður ekki virk. „Mér finnst skrítið að segja

núna að þau séu ómerk og hafi í raun ekkert innihald,“ sagði Ólafur. Ríkisábyrgðin í lögunum er háð samþykki Breta og Hollendinga, sem þeir hafa hafnað. Ólafur sagði að sér væri það „fyllilega kunnugt“. Eins að ef nýju lögin verði felld verði viðsemjendur Íslands þá að meta stöðuna en að hans mati „ríki engin stór óvissa um hver staðan verður þá“. Hann segir að ríkin tvö hljóti að virða lýðræðislega niðurstöðu Íslendinga. Rukkaður um þá staðreynd að Bretar og Hollendingar hafi nú þegar hafnað fyrirvörum fyrri laga sagðist Ólafur ekki vilja velja framhaldinu of mikið fyrir sér hver afstaða Breta og Hollendinga yrði verði lögin felld í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

- shá / sjá síðu 8 til 12

Gott
Föstudagur
PIZZA

Uppskrifin að föstudagspizzunni er á gottmatinn.is

6 tommu bátur 379 krónur

Kafbátur mánaðarins • janúar

skinkubátur

SUBWAY

7 kafbátar með 6 grómm af ritu

HjartaHeill

ÚT SALA

Útsalan í fullum gangi!

Smáralind



TOYOTA



NÝR LAND CRUISER – FRUMSÝNING UM HELGINA

Opið laugardag frá kl. 12.00 - 16.00. Komdu og upplifðu nýjan Land Cruiser 150.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

www.toyota.is

**Today
Tomorrow
Toyota**

ómótstæðilega
gott!

Holla
KJÚKLINGUR

TILBOÐ
40%
afsláttur við kassa

KJÚKLINGA
LUNDIR

1.739 kr/kg.

Merkt verð 2.899.-

SPAGHETTI MEÐ PARMESANKJÚKLINGI fyrir 4 að hætti Rikku

600 g kjúklingalundir	3 dósir Euroshopper
50 g hveiti	hakkaðir tómatar
Salt og pipar	2 msk tómatauk
1 ½ msk ólífuolía	2 msk Ítalía balsamgljái
2 hvítlauksrif, söxuð	30 g parmesanostur, rifinn
1 laukur, saxaður	2 pakkar Ítalía spaghetti
100 ml Chef Macrina	25 g fersk basilika, söxuð

matarrauðvín

Kryddið hveitið með salti og pipar. Hitið olíuna á pönnu. Veltið lundunum upp úr hveiti og steikið þær á pönnunni í 1-2 mínútur á hvorri hlið. Notið sömu pönnu til að steikja hvítlaukinn og laukinn þar til þeir verða mjúkir í gegn, hellið þá rauðvíninu yfir og látið það malla í mínútu. Bætið tómötunum og tómataukinu út í ásamt balsamgljáanum og látið malla í 20 mínútur. Hellið sósunni í eldfast form og raðið kjúklingalundunum ofan á. Stráið parmesanostinum yfir og bakið við 180°C í 20 mínútur. Sjóðið spaghettið samkvæmt leiðbeiningum á pakkingu. Setjið spaghettið á disk, sósuna og kjúklinginn yfir og stráið basilikunni yfir.

Kkal: 605/ 30% RDA
Fita: 23 g/ 35 % RDA
Prótín: 30 g/ 60% RDA
Kolvetni: 74 g/ 25% RDA
Járn: 6.7mg/ 37% RDA
A-vítamín: 2162 IU/ 43% RDA
C-vítamín: 27.1 mg/ 45% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeyninga orkupörf.



TILBOÐ
40%
afsláttur við kassa

569 kr/kg.
Merkt verð 949.-



ÓDÝRT Í
HAGKAUP

499 kr/pk.



TILBOÐ
35%
afsláttur við kassa

909 kr/kg.
Merkt verð 1.398.-



ÓDÝRT Í
HAGKAUP

699 kr/kg.

- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, langskorinn
- Frampartur sagaður í súpukjöt
- Heil slög

Heill kjúklingur
ferskur

Hamborgarar
Nautaat

Grísahnakkasneiðar

1/2 lambaskrokkur
frosinn



Lífrænar hrískökur
úr lífrænum
hýðishrísgrjónum



ávöxtur
mánaðarinn

MANGÓ
399 kr/kg.



VATNS
MELÓNUR
219 kr/kg.



ANANAS
299 kr/kg.



PROFIT
PROTEIN
20%
afsláttur v/kassa

FLORIDANA
MORGUNSAFI
235 kr/stk.



HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR
189 kr/stk.



HEILSUBRAUÐ
229 kr/stk.



24
Hagkaup

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 10. janúar á meðan birgðir endast.

50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga í 50 ár

Egill Arnason™

STÓRÚTSALA



Eikarparket

Verð frá **41%**
afsláttur

4.990
kr./m²



Harðparket

Verð frá **50%**
afsláttur

3.290
kr./m²



Plastparket

Verð frá **36%**
afsláttur

1.590
kr./m²



Flísar 30x60cm

Verð frá **30%**
afsláttur

4.990
kr./m²



Náttúrusteinn

Verð frá

4.990
kr./m²



Piljur

Verð frá **30%**
afsláttur

2.990
kr./m²



Óvissa vegna synjunar forseta

Leiðarar Financial Times og Independent:

Ekki setja Ísland í skuldafangelsi

„Það vinnst ekkert við það að setja Íslendinga í skuldafangelsi,“ segir í leiðara breska viðskiptablaðsins Financial Times í gær.

Lærdómurinn af máli Landsbankans ætti að vera sá að Evrópa sameinist um að endurskoða lög og bæta bankarekstur í álfunni. Líklegast sé að þau lög, sem forseti Íslands neitaði að staðfesta, verði felld í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Kannski kennir það leiðtogum Hollendinga og Bretana að það skilar takmörkuðum árangri að beita harðræði. Sá lærdómur mun hins vegar koma of seint til þess að það gagnist nokkrum.“

Breska dagblaðið The Independent fjallar einnig um Icesave-deiluna í leiðara undir fyrirsögninni: „Engan yfiring gegn Íslendingum“. Blaðið átelur framferði breskra stjórnvalda gagnvart Íslendingum á öllum stigum Icesave-deilunnar. Breska ríkisstjórnin hafi gert illt verra með framgöngu sinni og með því að koma fram við hjálparvana nágranna í Evrópu eins og útlagaríki. Hún skammist sín fyrir að hafa ekki staðið vaktina og brugðist við hættunni áður en íslensku bankarnir hrundu. Sú skömm skýri hörkuna í yfirlýsingum Bretana eftir nýjustu tíðindi frá Íslandi.

Uffe Ellemann-Jensen segist vera Íslandsvinur:

Ísland að yfirgefa umheiminn?

Neitun forseta Íslands við að staðfesta Icesave-lögin er tilræði við fulltrúalýðræði á Íslandi og yfirlýsing um að Ísland ætli sér að yfirgefa umheiminn, segir Uffe Ellemann-Jensen, sem lengi var utanríkisráðherra Dana og formaður Venstre. Hann skrifar á vef Berlingske Tidende í gær að veruleikaskynið virðist hafa yfirgefið Íslendinga. „Þetta segi ég, sem hef lengi verið Íslandsvinur. Ímyndið ykkur þá hvernig aðrir upplifa þessar aðstæður.“

„Það er útbreidd skoðun að þetta sé allt að kenna nokkrum villingum í viðskiptalífnum; almennir Íslendingar eigi ekki að bera ábyrgð á viðskiptum þeirra. Það sjónarmið stenst ekki skoðun,“ spyr Uffe Ellemann og segir síðan: „Í síðuðu



UFFE ELLEMANN-JENSEN

Samfélagi ber fólk sameiginlega ábyrgð á aðgerðum ríkisvaldsins. Og það er íslenska ríkið sem ber ábyrgð á bankaeftirliti sem greinilega brást.“ Danska dagblaðið Jyllands-posten skrifar einnig harðorðan leiðara í garð Íslendinga í gær og segir ákvörðun forseta Íslands dæmi um flótta frá pólitískri ábyrgð. Íslendingum hefði verið nær að koma í veg fyrir lánveitingar bankanna til að kosta „fráleita herferð íslenskra draumóranna á hendur evrópsku efnahagslífi“.

The Economist fjallar um Icesave-deiluna:

Útlitið kolbikasvart

Breska stórblaðið The Economist fjallar um Icesave-deiluna í tveimur greinum á síðum blaðsins í gær. Greinarhöfundar fjalla þar um ákvörðun forseta Íslands og þjóðaratkvæðagreiðsluna sem fram undan er.

Í annarri greininni er saga deilunnar rakin en jafnframt tekið fram að lagaleg skuldbinding Íslendinga til að greiða Bretum og Hollendingum sé langt frá því að vera augljós. Þar er því sýndur skilningur að íslensku þjóðinni ofþjóði að þurfa að greiða þær

upphæðir sem um ræðir; og séu gríðarlegar í þjóðhagslegu samhengi.

Eins er fjallað um ákvörðun Ólafs Ragnars um að synja lögnum staðfestingar og sagt að sú ákvörðun geti auðveldlega sprungið framan í forsetann og almenn-ingur snúist gegn honum. Þar er talið víst að lögin verði felld í þjóðaratkvæðagreiðslu og þá séu dagar ríkisstjórnarinnar taldir.

Þess utan hafi ákvörðun forsetans lagt efnahagsáætlun Íslands í rúst. -shá



Á BESSASTÖÐUM Í GÆR Ólafur Ragnar boðaði til sín fjölmiðlafólk til að gefa þeim kost á að ræða um ákvörðun hans um að synja Icesave-lögnum staðfestingar á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Telur ákvörðun sína styrkja stöðu Íslands

Ólafur Ragnar Grímsson telur ákvörðun sína um að synja Icesave-lögnum hafa styrkt stöðu þjóðarinnar í málinu. Hann segir að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eigi ekki að hafa áhrif á stöðu hans eða líftíma ríkisstjórnarinnar.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, telur áhrif ákvörðunar hans um að synja Icesave-lögnum staðfestingar hafa verið minni en hann átti von á. Bæði ætti það við um viðbrögð stjórnvalda í Bretlandi og Hollandi og fjármálaheimsins. Hann segir ákvörðunina þá erfiðustu sem hann hefur tekið en hún hefur að hans mati styrkt stöðu Íslands í deilunni.

Ólafur segist hafa orðið var við mikinn skilning á málstað Íslendinga erlendis frá síðustu daga og þar hafi jafnframt komið fram stuðningur við ákvörðun hans. Vitnaði hann þar sérstaklega í leiðara Financial Times.

„Þær hrakspár sem komu fram hafa ekki reynst réttar enn sem komið er,“ sagði Ólafur um þær efnahagslegu afleiðingar sem ríkisstjórnin, verkalyðshreyfingin, atvinnulífið og fjölmarg-

ir sérfræðingar töldu að synjun laganna gæti haft í för með sér. Sagði hann þau ítarlegu gögn sem honum búrast hafa verið „vangaveltur um hvað myndi gerast færi allt á versta veg“ sem hann hefði ekki getað látið hafa úrslitaáhrif á ákvörðun sína. Um efnahagslegar afleiðingar sagði Ólafur jafnframt að markaðurinn myndi aldrei veiga þyngra við ákvörðunartöku hans heldur en lýðræðið sjálft.

Í rökstuðningi sínum fyrir ákvörðuninni um að synja lögnum vísaði Ólafur í áskoranir þingmanna þegar hann sagðist telja að meirihluti væri fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Um þessi ummæli vildi forsetinn ekki fjalla sérstaklega en eins og kunnugt er var tillaga um að málið yrði sett í þjóðaratkvæði felld á Alþingi nokkrum dögum fyrr. Sagði hann þetta aukaatriði þrátt

fyrir að forsvarsmenn stjórnarandstöðunnar lýsi því nú yfir að þjóðaratkvæðagreiðsla sé þeim ekki efst í huga við lausn málsins. Ólafur segist ekki hafa verið blekkur; mestu hafi skipt allur sá fjöldi fólks sem hafði komið á framfæri ósk sinni um að hann synjaði lögnum sem hafi ráðið mestu um ákvörðun hans.

Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar telur Ólafur ekki hafa nein áhrif á stöðu hans sem forseta eða á það hvort ríkisstjórnin situr áfram verði þau felld.

Ólafur viðurkendi að æskilegra hefði verið að ákvörðun hans hefði verið kunn ríkisstjórninni áður en hún var kynnt almenn- ingi. Baðst hann forláts á því en hann hefði ekki viljað kynna forystumönnum ríkisstjórnarinnar ákvörðun sína símileiðis, heldur að þau gætu kynnt sér rökstuðning hans í heild. svavar@frettabladid.is

SHALIMAR

9 ÁRA

999 KR HELGI

08--til--10 JANÚAR 2010

Föstudagur til Sunnudags

(frá 11:30--til--23:00)

Í TILFNI AF 9 ÁRA AFMÆLI OKKAR,

BÝÐUR ALLA RÉTTI Á MATSEÐLI á **999.- kr.**

LASSI drykkur fylgir fritt með

PARISTANI - INDIAN TANDOORI & CURRY CUISINE

AUSTURSTRÆTI - 4, 101 REYKJAVÍK. Ph. 5510292 www.shalimar.is

Hollusta á nýju ári

TILBOÐ



SMÁLÚÐUFLÖK
FROSIN

989 kr/kg

áður 1.499 kr/kg

KJÚKLINGABRINGUR
900g



1.398 kr/pk.

KJÚKLINGALUNDIR
700g



1.098 kr/pk.

RAUÐSPRETTA
FROSIN



598 kr/kg

Á meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!



SJÁLSTÆÐISFLOKKURINN

Formaður Sjálfstæðisflokksins boðar til opins fundar um Icesave

Formaður Sjálfstæðisflokksins Bjarni Benediktsson ræðir nýja stöðu í Icesave. Laugardaginn 9. janúar Kl. 10.30 í Valhöll Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík

Fundastjóri: Svanhildur Hólm Valsdóttir framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðismanna

Allir velkomnir!



VELDU ÞÉR ÞÍNA TEGUND Í NÆSTU BÚÐ

SÓMA SALAT

NÝ SALATLÍNA FRÁ SÓMA SEM BYGGÐ ER Á LANGRI REYNSLU AF SAMLOKUGERÐ



Óvissa vegna synjunar forseta

Ein vika er langur tími í pólitíkinni

Tillaga Péturs H. Blöndal um að setja breytingalög Icesave-ábyrgðarinnar í þjóðaratkvæði var felld naumlega fyrir viku. Nokkrir þingmenn sem greiddu tillögunni atkvæði sitt þá vilja ekki lengur leggja málið í dóm þjóðarinnar.

Nokkrir þingmenn sem studdu tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um ríkisábyrgð Icesave fyrir viku hafa nú lýst yfir andstöðu við að slík atkvæðagreiðsla fari fram. Tillaga Péturs Blöndal var felld á Alþingi og löginn samþykkt. Ákvörðun forseta um að synja Icesave-lögum staðfestingar byggist engu síður á því að meirihluti þingmanna styddi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Áður en Icesave-lögin voru samþykkt á Alþingi að kvöldi 30. desember var felld breytingartillaga frá Péturi H. Blöndal, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, um að málinu yrði vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu innan sex vikna.

Þrjátíu þingmenn studdu tillögu Péturs. Það voru allir þingmenn Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og Hreyfingarinnar sem studdu tillöguna, ásamt Ásmundi Einari Daðasyni og Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, þingmönnum VG.

33 þingmenn voru á móti. Það voru allir þingmenn Samfylkingar, tólf af fjórtán þingmönnum VG og Þráinn Bertelsson, óháður.

Þótt þau hafi greitt atkvæði gegn tillögu Péturs lýstu Lilja Mósesdóttir og Ögmundur Jónasson því yfir að forseti Íslands ætti að neita því að staðfesta löginn.

Þegar forsetinn neitaði staðfestingu vísaði hann til þess að yfirlýsingar á Alþingi og áskoranir til forseta frá einstökum þingmönnum sýndu þann vilja meirihluta alþingismanna að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.

peturg@frettabladid.is

TILLAGA PÉTURS

„Bera skal heimild fjármálaráðherra til að veita ríkisábyrgð skv. 1. mgr. undir þjóðaratkvæðagreiðslu allra atkvæðisbærra manna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en sex vikum frá gildistöku laganna. Heimildin skal veitt sé meiri hluti gilda atkvæða fylgjandi því.“ Felld með 33 atkvæðum gegn 30 á þingfundi 30. desember.

SAGT FYRIR OG EFTIR SYNJUN FORSETA

PÉTUR H. BLÖNDAL:



30. desember: „Þess vegna legg ég til að hér verði samþykkt sú tillaga að tekin verði upp þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál í samræmi og samhljómi við 26. gr. stjórnarskrárinnar en þar er lagt til að ef forseti synjar undirskrift laga fari það í þjóðaratkvæðagreiðslu óháð máli.“ (Alþingi)

7. janúar: „Ennþá betra væri, minna verst væri, að semja upp á nýtt. [...] Á þingi ertu stöðugt að taka ákvarðanir sem þú ert ekki alveg hjartanlega sammála en það er betra heldur en eitthvað annað sem er miklu verra. [...] Ég hugsa að það sé töluverður jarðvegur fyrir því núna að semja upp á nýtt.“ (Bylgjan)

SIGMUNDUR DAVÍD GUNNLAUGSSON



30. desember: „Ef menn vilja ekki setja þetta mál í þjóðaratkvæðagreiðslu er ekkert mál sem á að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu.“ (Alþingi)

6. janúar: Hægt sé að draga löginn til baka í stað þess að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu ef takist að ná þverpólitískri samstöðu í málinu. [...] [M]jög hættulegt að fara út í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem líf stjórnaðinn sé undir. (Fréttablaðið)

BJARNI BENEDIKTSSON:

7. janúar: „Ég óttast það mjög að sú vegferð sem við færum í með því að fara að takast á um þetta mál í hörku þjóðaratkvæðagreiðslu sé alls ekki til þess fallin að skapa sátt meðal þjóðarinnar.“ (Fréttablaðið)



(Fréttablaðið)

ILLUGI GUNNARSSON:



30. desember: „Það verður sár í þjóðarsálinni ef þetta mál fær ekki að fara til þjóðarinnar og þjóðin að segja skoðun sína beint. Ég segi já

við því að þjóðin fái að segja sína skoðun því að það er þjóðin sem á að borga þennan reikning ef frumvarpið verður að lögum.“ (Alþingi)

KRISTJÁN ÞÓR JÚLISSON:



6. janúar. „Ef menn ná ekki saman sé ég ekkert að því að fara í þjóðaratkvæði en hins vegar tel ég miklu æskilegra fyrir hagsmunum þjóðarinnar í þessu stóra máli að ... stjórnmalaflokkarnir næðu saman um þann grunn sem þau vilja fara með til samninga við aðrar þjóðir.“ (Ríkisútvarpið)

Viðskiptaráðherra segir óvíst hvort önnur leið er fær en atkvæðagreiðsla:

Lítill skaði ef þjóðin samþykkir

STJÓRN MÁL Verði hægt að gera fólki grein fyrir þeim kostum sem raunhæfir eru í atkvæðagreiðslu um lög um ríkisábyrgð á Icesave skuldbindingum Tryggingasjóðs innstæðueigenda þá kveðst Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra nokkuð bjartsýnn á að löginn verði samþykkt. Þetta kom fram á símafundi sem Íslensk-ameríska verslunarráðið stóð fyrir með ráðherranum og sérfræðingum á fjármálamarkaði laust fyrir hádegi að staðartíma í Bandaríkjunum í gær.

Gylfi segir tvo kosti í stöðunni, að halda þjóðaratkvæðagreiðslu eða finna fyrir þann tíma lausn sem hugnanleg væri jafnt Íslendingum, Bretum og Hollendingum. Hann áréttar þó að engar viðræður séu hafnar um aðra lausn og að óvíst sé hvort slík leið sé fær.

Verði löginn samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslunni segir Gylfi tiltölulega lítinn skaða verða af þeirri tveggja mánaða töf sem fyrirsjáanleg er á lausn Icesave-deilunnar. Versta hugsanlega niðurstaða segir hann hins vegar ef viðræður við Breta og Hollendinga fara á byrjunarreit og lánafyrirgreiðsla annarra þjóða í tengslum




GYLFI MAGNÚSSON Viðskiptaráðherra sat fyrir svörum á símafundi sem Íslensk-ameríska verslunarráðið stóð fyrir í Bandaríkjunum í gær, á sama tíma og yfir stóð blaðamannafundur forsetans á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) fer í bið.

Gylfi segir að best hefði verið að ljúka Icesave-málinu eins hratt og kostur er. Komi til kosninga þá

muni stjórnvöld gera grein fyrir kosti og lesti á þeim valkostum sem fólk stendur frammi fyrir, en samþykkt laganna sé að hans mati skásta niðurstaðan sem í boði sé.

Bréfabakki Leitz, A4 Slim
Tekur minna pláss, með lægri hliðum.
Hægt að stafla með venjulegu stærðinni.
Verð 595 kr.



50%
afsláttur

40%
afsláttur

Dagbók
Verð 890 kr.



Plastmappa Vivanto
Með klemmu á kili.
Verð 375 kr.

50%
afsláttur

Gleðilegt nýtt ár og gott verð

Frábær nýrstilboð Pennans færa þér allt að 60% afslátt af völdum skrifstofuvörum.

Pennapappír sem hlotið hefur fjölda gæðavottana
500 blöð í pakka.
Verð 999 kr.



www.eco-label.com
ISO 9706
ISO 14001

Pappírstættari, Fellowes
Microshred MS-460Cs
Verð 68.877 kr.



28%
afsláttur

- Gríðarlega öflugur tættari
- Tættir A4 blað í nærri 4000 hluta
- Mjög hjóllátur, SilentShred™
- Tættir auk pappírs: Bréfastemmur, hefti, CD/DVD og greiðslukort



Skúffuskápar
Hægt að stafla eða raða saman.
Verð frá 8.525 kr.

LEITZ

50%
afsláttur

Tong Toner Bæk Pappír Husgögn Skólar gögn Heildarlausnir Skrifborðustofustóla Hreinlætisvörur Hentugar kaffilausnir Skrifstofutæki Gott úrval Gæði Þjónusta sniðin í þrum þörfum Persónuleg þjónusta og fagleg hjólför www.penninn.is Ritföng Toner Bæk Pappír Husgögn Skólahúsgögn Heildarlausnir Skrifborðustofustólar Hreinlætisvörur Hentugar kaffilausnir Skrifstofutæki Gott úrval Gæði Þjónusta sniðin að þínum þörfum

Bréfabindi plastklædd
Verð 299 kr.

60%
afsláttur



Mennt er máttur
Vinnubók, gormabinding, rífögðuð blöð.
Verð 299 kr.

35%
afsláttur

Tilboðið gildir ef keyptar eru 5 saman í pakka.



3M Pininfarina statíf fyrir Z-notes blokkir
Verð 2.760 kr.

50%
afsláttur



3M Pininfarina statíf fyrir límband (4 rúllur fylgja)
Verð 2.760 kr.

50%
afsláttur



Verið velkomin í verslanir Pennans, Hallarmúla 4 og Hafnarstræti 91 Akureyri eða kynnið ykkur fjölbreytt úrval skrifstofuvara á hagstæðu verði á www.penninn.is

PENNINN

Með þér í vinnunni



Óvissa vegna synjunar forseta

Formaður ESB-nefndar sænska þingsins:

Ekki hægt að afgreiða lán til Íslands

„Fréttir síðustu daga frá Íslandi,“ segir sænski þingmaðurinn Carl B. Hamilton á bloggi sínu, „gera það að verkum að Svíþjóð getur ekki greitt nein lán til Íslands.“

Hamilton er þingmaður Frjálslynda þjóðarflokksins, eins stjórnarflokka Fredriks Reinfeldts forsætisráðherra, og jafnframt formaður Evrópusambandsnefndar sænska þingsins.

Hann segir sænsk stjórnvöld ekki geta veitt Íslendingum nein lán fyrr en Ísland hefur fallist á uppgjör skulda sinna, meðal annars við Bretland og Holland, og visar þar til samþykktar fjárlaganefndar sænska þingsins frá því í október síðastliðnum.

„Með neitun forsetans,“ segir Hamilton, „verður bæði dyrt og erfitt fyrir Ísland að fá lán erlendis. Án samkomulags við bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðinn,



CARL B. HAMILTON

Norðurlöndin og Evrópusambandið verða vextirirnir hærri og lánin færri.“

Fréttastofan Reuters hefur sömuleiðis eftir ónafngreindum embættismanni í fjármálaráðuneyti Finnlands, að ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar um að undirrita ekki Icesave-lögin verði líklega til þess að fresta lánagreiðslum frá Norðurlöndunum til Íslands. Nú muni Norðurlöndin þurfa að endurskoða skilyrði lánveitingar sinnar til Íslands.

- gb

Lokum engum dyrum

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segist opinn fyrir öllum möguleikum til að leysa Icesave-deiluna. Ríkisstjórnin sé á fullu við að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu eins og henni beri. Honum finnst stjórnarandstaðan skulda skýringu á viðsnúningi sínum varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu og telur gagnrýni á samningana mjög ómaklega.

Fyrir Alþingi, sem kemur saman í dag, liggur að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslu. Í henni fær þjóðin að velja hvort lög um breytingar á lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave verða enn í gildi eða ekki. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sögðu í Fréttablaðinu í gær að þeir teldu að betra væri að fara í nýja samninga en þjóðaratkvæðagreiðslu.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir þá yfirlýsingu nokkuð sérstaka í ljósi þess að sömu aðilar hafi talað fyrir og greitt atkvæði með tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu á síðasta degi þingsins. Þá hafi þeir hvatt forsetann óspart til að vísa lögum til þjóðarinnar.

Hann segir stjórnina vinna að atkvæðagreiðslunni, enda sé það henni skylt. Hún loki hins vegar ekki neinum dyrum. „Við útilokum ekki neitt og munum ekki loka á neina möguleika og staðan er alvarleg. Það má segja að forsetinn hafi sett þetta í nýtt samhengi og það væri eðlilegt að forystumenn í stjórnmalum töluðu saman eins og aðrir við þessar aðstæður.“

Steingrímur segir að komi til atkvæðagreiðslu muni ríkisstjórnin tala fyrir sínum málstað. Of snemmt sé að segja hvort um eiginlega kosningabaráttu verði að ræða, en stjórnin muni miðla upplýsingum um málið og útskýra og rökstyðja hvers vegna hlutirnir eru eins og þeir eru. „Ef við leggjum af stað í þessa kosningabaráttu fer ég í hana með því hugarfari að hún vinnist.“

Óbilgjörn umræða

Steingrímur telur umræðuna um Icesave hafa verið mjög óbilgjarna. „Það er nú búið að hamast og menn eru búnir að rægja þessa samninga með allri sinni orku í sex, sjö mánuði, eins og þeir séu aðalvandamálið, en ekki vandamálið sjálft. Þetta er eins og að það sé pappírinn sem skuldaviðurkenningin er á en ekki skuldin sjálf sem sé aðalvandamál og auðvitað er þessi umræða búin að vera með endemum.“

Þá segir Steingrímur að það hefði verið ágætt að vita það fyrr að menn séu tilbúnir að ábyrgjast lágmarksinnistæðu á Icesave. „Núna segja allir – og gleðilega – nei, nei, við



FJÁRMÁLARÁÐHERRA Steingrímur hefur verið í samskiptum við ráðherra og fjölmiðla um allan heim eftir að forsetinn synjaði Icesave-lögum staðfestingar. Hann fór í gær til að hitta norræna ráðherra vegna Norðurlandalánanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

eigum að borga. Við höfum alltaf viljað að við borgum og við viljum að við stöndum við okkar skuldbindingar. Það er gott. Þá skulum við fá það á hreint, er þá eftir allt saman full samstaða um það að Ísland eigi að ábyrgjast lágmarksinnistæðurnar allt að 20.887 evrur á hverjum reikningi? Það hefði nú einfaldað umræðuna ef það hefði legið fyrir áður.“

Nú vilji enginn viðurkenna annað en menn hafi alltaf sagt að Íslendingar ættu að borga. „Það er svolítið skemmtilegt, því auðvitað hefur það ekkert alltaf verið, hvað sem menn segja núna. Því auðvitað voru þau sjónarmið líka uppi að við ættum bara að sýna mönnum puttann og segja að við borgum ekki neitt og vísa mönnum á Héraðsdóm Reykjavíkur. En mér sýnist nú að málið sé ekki svona einfalt.“

Eitthvað nýtt?

En er möguleiki á að ná betri samningum við Breta og Hollendinga? „Ja, menn geta náttúrulega bara spurt sig að því og svarað sér í raun sjálfir. Er líklegt að eitthvað alveg nýtt sé í spilunum? Enn sem stendur er ekkert slíkt í skoðun í þeim skilningi að þessi fyrstu samtöl og samtöl og samskipti núna hafa fyrst og fremst bara snúist um að bregðast við niðurstöðu forsetans og eyða misskilningi, miðla upplýsingum og halda kontökum í framhaldinu. Það er því ótímabært að segja neitt mikið meira um það.“

Steingrímur segist hafa átt fjölmörg samtöl við erlenda starfsbræður sína, meðal annars átt góð samtöl

við hollensku og bresku fjármálaráðherrana Wouter Bos og Alistair Darling. Þá hélt hann utan í gær til að ræða við ráðherra Noregs og Danmerkur. Hann segir að þær umræður muni að mestu snúast um Norðurlandalánin og fjármögnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Staðan í Icesave-málinu muni þó að sjálf-sögðu einnig verða rædd.“

Kröfur gætu orðið hærri

Samkvæmt samningum ábyrgist Ísland endurgreiðslu á lágmarks-tryggingu á hverjum innistæðureikningi í Bretlandi og Hollandi. Steingrímur segir að gildi samningarnir ekki væri sá möguleiki til staðar að við yrðum krafín um tvöfalda þá upphæð. Ekkert væri til dæmis tryggt ef dómstólaleiðin væri farin.

„Já, ýmsir telja að við værum ekkert örugg gagnvart því. Vegna þess að við verðum að muna að bresk og hollensk stjórnvöld eru að taka á sig um það bil svipaða, eða jafnvel ívið meiri byrði til að gera upp við fólk, en þá sem Ísland tekur á sig.“

Í Bretlandi ábyrgjast þeir allt að 50 þúsund pund á reikning og ef ég man rétt fara Hollendingar upp í 100 þúsund evrur. Þetta er þeirra tryggingarkerfi með bakstuðningi ríkjanna sem sér um þetta.

Við tökum aldrei nema upp að 20.887 evrur á þeim reikningum sem svo mikið er inni á. Auðvitað er talsvert af þessum reikningum sem voru með minni innistæðu og þá er náttúrulega aldrei bætt nema bara innistæðan.“

kolbeinn@frettabladid.is

TILBOÐ

30-50% AFSLÁTTUR

viborg@centrum.is

Elica & Miele háfar

glæsileg hönnun og fágað yfirbragð



Elica og Miele háfarnir eru einstakt sambland af tækni og fagurfræði. Þessir einstöku háfar fást vegghengdir og yfir eyjur. Elica og Miele háfarnir eru frábær lausn fyrir eldhúsið.

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

*Tilboð gildir meðan birgðir endast

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Forsætisráðherra hissa á viðsnúningi stjórnarandstöðu um þjóðaratkvæði:

Þarf mikið til að hætt sé við

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að mikið þurfi að koma til til þess að þjóðin sé svipt þeim rétti sem synjun forsetans á lögum um Icesave hafi fært henni. Stjórnvöld hafi þær skyldur í þeirri stöðu sem upp er komin að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Ef kemur fram eindreginn vilji, bæði hjá þingi og þjóð, um að fallið sé frá þjóðaratkvæðagreiðslunni þá munum við skoða það. Ef menn sjá eitthvað nýtt í stöðunni sem gerir það að verkum að menn telja að hægt sé að setja málið í einhverja sátt, erum við tilbúnir til að skoða það. En það má vera mikil breyting til að við séum tilbúnir til þess.“

Jóhanna undrast viðsnúning

JÓHANNA Hefur átt samræður við kollega sína úti í heimi til að útskýra málstað Íslendinga.

stjórnarandstöðunnar. „Þessi viðsnúningur virkar mjög sérkennilega á mann. Stjórnarandstaðan lagði mikla áherslu á það á þinginu nú fyrir áramót að málið færi í þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Jóhanna minnst á að Icesave hverfi ekki; sé lögnum hafnað taki lögin frá í ágúst gildi.

Jóhanna hefur gert forsætisráðherrum Hollands og Bretlands grein fyrir þeirri stöðu sem hér er komin upp. Hún segir þá hafa lýst vonbrigðum, en þó sýnt því skilning að tryggja þyrfti farsælur lyktilir í málinu. Þá hefur hún rætt við kollega sinn í Noregi um lán Norðurlandanna.

„Ég hef sagt við alla að ég væri hvenær sem er tilbúin til að koma út og hitta þá, ef það myndi greiða fyrir málinu.“

- kóp

Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

Tilvalið fyrir
árshátíðina!

Allt í steik

9. janúar – 28. febrúar

4ra rétta seðill

1 HUMAR OG SALTFISKKRÓKETTUR
með tómatsultu, blönduðu salati og humarmajonesi

2 RJÓMALÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA
með steiktum tígrisrækjum, rjómatoppi og karryolíu

VELDU MILLI FJOGURRA AÐALRÉTTA

FISKUR DAGSINS
ferskasti hverju sinni, útfærður af
matreiðslumönnum Perlunnar (4.990 kr.)

3 PÖNNUSTEIKTUR FASANI
með polentu og kóngasveppasösu (5.590 kr.)

PRIME RIBS
með kartöfluturni, Bearnaisesösu
og steinseljurótarmauki (6.590 kr.)

NAUTALUND
með grænmetismósaík
og blönduðum skógarsveppum (7.590 kr.)

4 SÚKKULADIFRAUÐ
með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



Allt í steik
verð frá **4.990 kr.**

Veitingahúsið Perlan
Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Vefur www.perlan.is

Mekka Wines&Spirits



GUDRÓNÓ
VISTVAN PRENTSMÍÐJA

Ekran

LINDSAY
JOHN LINDSEY LTD.
FRAMTÍÐARFRÖMUR



Danamar

ÖMNIÞAKSTUR

Dreifing ehf.



Egils



Globus

PERLU KAUP

ora

MARLAND
FISKUR ER OKKAR FAG

A. KARLSSON
SÍÐAN 1975

BAKKUS

Coca-Cola

ISFUGL

Lambhagi



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



FERSKT NAUTAVEISLU NAUTAHAKK 898 KR.KG



258
KR.KG
K.S LAMBASVIÐ



1499
KR.KG
SS LAMBALÆRI KAMPAVÍNSLEGID
MERKT VERÐ 1998 KR. 25% AFSLÁTTUR



BONUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR 1 KG



BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



N.V FERSKIR NAUTABORGARAR
4 STK M/BRAUÐI



HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR



BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR



BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G



MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G



BÓNUS NÝBAKAÐ LANGLOKUR 4 STK

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30

BONUS BONUS BONUS BONUS



**K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT
1.FLOKKUR**

598

KR.KG

K.S LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR ALLIR BESTU BITARNIR



998

KR.PK

NF GRÆNMETISBUFFIN 1 KG/PK
FULLELDAÐ- ÞARF AÐEINS AÐ HITA **998 kr.**



40%
AFSLÁTTUR

K.F REYKT OG SALTAÐ FOLALDAKJÖT
MERKT VERÐ 776 KR.KG. 40% AFSLÁTTUR **466 kr.kg.**



398

KR.KG

K.F NÝTT KJÖTFARS



117

KR.FL

TOPPUR 2 LTR.
HREINN-SÍTRÓNU OG ÁVAXTA

NÝTT Í BÓNUS



149

KR.DS

BÓNUS SÚRMJÓLK 500 ML FIMM BRAGÐ TEGUNDIR **149 kr.**

NÝTT Í BÓNUS



159

KR. 3STK

BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 3 x 250ML EPLA OG APPELSÍNU



168

KR.STK

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR 250 ML



198

KR.FL

ONT BOSSTER BURNER
BLAR OG RAUÐUR 500 ML



798

KR.FL

RIBENA
SÓLBERJAPYKKNI 2 LTR.

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

Viltu hætta að reykja?

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur um árabíl haldið námskeið fyrir einstaklinga eða hópa sem vilja hætta að reykja.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 18. janúar 2010.

Hægt er að skrá sig í síma 540 1900 eða á netfangið reykleysi@krabb.is

Nánari upplýsingar á www.krabb.is/reykleysi



GRUNDTVIG

ERASMUS

COMENIUS

LEONARDO



LÝST ER EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI Í MENNTAÁÆTLUN EVRÓPUSAMBANDSINS

Menntaáætlun Evrópusambandsins styrkir menntun og þjálfun á öllum stigum, frá leikskóla til háskóla auk fullorðinsfræðslu:

COMENIUS - leik-, grunn- og framhaldsskólastig **ERASMUS** - háskólastig
LEONARDO - starfsmenntun **GRUNDTVIG** - fullorðinsfræðsla

UMSÓKNARFRESTIR ÁRIÐ 2010 ERU EFTIRFARANDI:

ÁÆTLUN	UMSÓKNARFRESTUR
Comenius og Grundtvig - endurmenntun 1	15. janúar 2010 30. apríl 2010 15. september 2010
Comenius - aðstoðarkennarar	29. janúar 2010
Leonardo - mannaskiptaverkefni	5. febrúar 2010
Jean Monnet áætlunin	12. febrúar 2010
Comenius, Grundtvig og Leonardo - samstarfsverkefni	19. febrúar 2010
Comenius - svæðasamstarf	19. febrúar 2010
Grundtvig - vinnustofur	19. febrúar 2010
Leonardo - fjölþjóðleg yfirfærsluverkefni	26. febrúar 2010
Comenius, Erasmus, Grundtvig og Leonardo - miðstýrð fjölþjóðleg tilrauna-, net- og stoðverkefni	26. febrúar 2010
Þveráætlanir - rannsóknir, tungumál, upplýsingatækni, stefnumótun og dreifing verkefnandiúrstaðna	26. febrúar 2010
Erasmus - stúdenta- og starfsmannaskipti og hraðnámskeið (frestur háskóla)	12. mars 2010
Grundtvig - aðstoð, sjálfbodaliðaverkefni	31. mars 2010
Námsheimsóknir - stefnumótun fræðslumála	31. mars 2010 15. okt. 2010

Í tengslum við Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun árið 2010 eru fyrirtæki, stofnanir og samtök sem vinna náið með einstaklingum sem standa höllum fæti, s.s. ungu atvinnulausu fólki, fötludum og minnihlutahópum, sérstaklega hvött til að skoða tækifæri fyrir þessa hópa til þátttöku í áætlunum.

Allar nánari upplýsingar um umsóknarferlið og umsóknarfresti fyrir árið 2010 eru á heimasíðu Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB, www.lme.is.

Áhugasamir eru eindregið hvattir til að hafa samband við starfsfólk Landskrifstofunnar til að fá ráðgjöf við undirbúning umsókna.



LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB
Leonardó áætlunin: Dunhaga 5 | 107 Reykjavík | Sími: 525 4900
Erasmus, Comenius, Grundtvig: Háskólatorg | 101 Reykjavík | Sími: 525 4311

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Gordon Brown sætir þrýstingi frá félögum sínum:

Ígildi vantrauststillögu

BRETLAND Tveir fyrrverandi ráðherrar Verkamannaflokksins í Bretlandi vilja að skorið verði úr um hversu mikils fylgis Gordon Brown forsætisráðherra nýtur í raun innan flokksins.

Í bréfi, sem þau Geoff Hoon og Patricia Hewitt sendu þingmönnum flokksins, segja þau alvarlegan ágreining meðal flokksmanna um forystu Browns og leggja til að haldin verði leynileg atkvæðagreiðsla meðal flokksmanna, þar sem í eitt skipti fyrir öll fáist úr því skorið hvort Brown hafi í raun nægilegt fylgi flokksmanna til að leiða Verkamannaflokkinn í næstu kosningum, sem halda

þarf í síðasta lagi næsta sumar. Tillaga þeirra Hoons og Hewitts virkar í reynd sem vantrauststillaga á formann flokksins og þykir veikja stöðu hans innan flokksins, hvort sem farið verður að tillögu þeirra eða ekki.

Verkamannaflokkurinn þykir eiga litla möguleika á sigri í þingkosningunum eftir samfellda stjórnarsetu síðan 1997, fyrst undir stjórn Tony Blairs en síðan Browns sem tók við í júní 2007. Breska útvarpið BBC hafði þó eftir Tony Lloyd, formanni þingflokks Verkamannaflokksins, að enginn áhugi væri fyrir leynilegri kosningu meðal þingmanna flokksins. -gb



HAFNARFJÖRÐUR Reiknað er með að rekstur bæjarins í Hafnarfirði hafi verið neikvæður um 1.552 milljónir króna í fyrra en að reksturinn verði jákvæður um 247 milljónir á árinu 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sagðir skýla óstjórn með bankahruni

Bæjarfulltrúar sjálfstæðismanna segja Hafnarfjörð eitt skuldsettasta sveitarfélag landsins vegna óstjórnar Samfylkingarinnar. Sjálfstæðismenn líti í eigin rann, svara fulltrúar Samfylkingarinnar.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði segja meirihluta Samfylkingarinnar hafa stundað glannalega fjármálastjórn og það sjáist glögglega í fjárhagsáætlun næsta árs.

„Eftir fall bankanna fyrir rúmu ári hefur Samfylkingin, þrátt fyrir traustan meirihluta, ekki treyst sér til að fara í hagræðingu nema hafa fulltrúa minnihlutaflokkanna með í ráðum. Samfylkingin reynir einnig að skýla sér bak við bankakreppuna sem orsök fjárhagsvanda Hafnarfjarðarbæjar nú. Sannleikurinn er hins vegar sá, að hér í Hafnarfirði fór meirihlutinn offari í framkvæmdum og útgjöldum og jók stöðugt skuldaförnu til að halda uppi of háu framkvæmdastigi á þenslutímum,“ segir í bókun sjálfstæðismanna við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar.

Sjálfstæðismenn benda meðal annars á að frá því að Samfylkingin tók við stjórninni í Hafnarfirði árið 2002 hafi skuldir bæjarins nær þrefaldast. Skuldir og skuldbindingar séu nú 37 milljarðar króna eða 1,4 milljónir á hvern íbúa. Að meðaltali nemi skuldir á íbúa í sveitarfélögum landsins hins vegar 700 þúsund krónum. „Hafnarfjörður er orðið eitt skuldsettasta sveitarfélag landsins og sendi eftirlitsnefnd sveitarfélaga bréf í október síðastliðinn þar sem óskað er upplýsinga og skýringa hvernig

brugðist verði við erfiðri fjárhagsstöðu Hafnarfjarðarbæjar.

Ein verstu mistök sem gerð hafa verið í fjármálastjórn bæjarins voru þegar Samfylkingin gekk ekki að tillögu Sjálfstæðisflokksins í september 2007 um að selja hlut Hafnarfjarðar í Hitaveitu Suðurnesja þá þegar. Ef Samfylkingin hefði ekki verið haldin ákvarðanafælni væru skuldir bæjarins um 15 milljörðum króna lægri. Þess í stað fóru þeir peningar sem Orkuveitan greiddi nú í desember í að greiða yfirdrátt hjá banka og einnig viðskiptaskuldir sem stofnað var til á árinu.“

Samkvæmt fjárhagsáætluninni á reksturinn eftir fjármagnsliði að verða jákvæður um 247 milljónir króna á árinu 2010. Gert er ráð fyrir því að útkoman fyrir árið 2009 verði hins vegar neikvæð um 1.552 milljónir sem meirihluti Samfylkingarinnar segir vera vegna óhagstæðra gengis- og verðlagsbreytinga. „Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði ætti að líta í sinn eigin rann þegar kemur að umræðu um skuldamál og ábyrga efnahagsstjórn umliðins áratugar og hvar höfuðábyrgð á efnahagsruni þjóðarinnar liggur. Nýlegar yfirlýsingar formanns flokksins þeirra um mistök, valdabreytu og ábyrgð tala þar skýrustu máli,“ sögðu Samfylkingarmenn í bókun. gar@frettabladid.is

39 þrep

FRUMSÝNT 8. JANÚAR
MIÐASALA Í SÍMA 4 600 200

TOP
SECRET

NÆSTU SÝNINGAR

8. jan.	Framsýning	kl. 20.00	UPPSELT
9. jan.	2. kortasýning	kl. 19.00	UPPSELT
10. jan.	3. kortasýning	kl. 20.00	UPPSELT
14. jan.	4. kortasýning	kl. 20.00	UPPSELT
15. jan.	5. kortasýning	kl. 19.00	UPPSELT
16. jan.	6. kortasýning	kl. 19.00	UPPSELT
17. jan.	7. kortasýning	kl. 20.00	UPPSELT
21. jan.	8. kortasýning	kl. 20.00	Örfá sæti laus
22. jan.	9. kortasýning	kl. 19.00	UPPSELT
23. jan.	10. kortasýning	kl. 19.00	UPPSELT
23. jan.	Aukasýning	kl. 22.00	Örfá sæti laus
24. jan.	11. kortasýning	kl. 20.00	Örfá sæti laus

Ósóttar pantanir seldar daglega.

SPRENGHLÆGILEGUR
SPENNU-GAMANLEIKUR

BYGGÐUR Á HINNI ÞEKKTU KVÍKMYND ALFRED HITCHCOCK

4 LEIKARAR 139 HLUTVERK

LEIKSTJÓRN MARÍA SIGURÐARDÓTTIR ÞÝÐING EYVINDUR KARLSSON

LEIKARAR BJÖRN INGI HILMARSSON, ATLI ÞÓR ALBERTSSON,
JÓHANN G. JÓHANNSSON, ÞRÚÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR

Samstarfsaðili:



MIÐASALAN ER OPIN FRÁ 13:00-17:00
MIÐASALA Í SÍMA 4 600 200

MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKFELAG.IS
NETFANG: MIDASALA@LEIKFELAG.IS



LEIKFÉLAG
AKUREYRAR



**KRISTINN ARNPÓRSSON ULLARFRÆÐ-
INGUR** flytur fyrirlestur um ull og ullarframleiðslu á öldinni sem leið í Amtsbókasafninu á Akureyri á laugardag klukkan 14. Um leið verður opnuð sýning Iðnaðarsafnsins um ull og ullarframleiðslu á síðustu öld og stendur hún til 31. janúar.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

Tilvalið fyrir
árshátíðina!

Allt í steik

9. janúar - 28. febrúar

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik“ seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.

1 HUMAR OG SALTFISKKRÓKETTUR með tómatsultu, blönduðu salati og humarmajonesi

2 RJÓMALÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA með steiktum tigrisrækjum, rjómatoppi og karryolíu

VELDU MILLI FJOGURRA ADALRÉTTA

FISKUR DAGSINS

ferskasti hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar **(4.990 kr.)**

PÖNNUSTEIKTUR FASANI

með polentu og kóngasveppasósu **(5.590 kr.)**

3

PRIME RIBS

með kartöfluturni, Bearnaisesósu og steinseljurótarmauki **(6.590 kr.)**

NAUTALUND

með grænmetismósaík og blönduðum skógarsveppum **(7.590 kr.)**

4

SÚKKULADIFRAUÐ

með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Guðrún hefur gaman af því að gera tilraunir í eldhúsinu, nýta gamla grunna og blanda þeim við nýtt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eldar barnvæna kjötsúpu

Matgæðingurinn Guðrún Ögmundsdóttir eldar kjötsúpu þegar kalt er í veðri og gerir hana þannig úr garði að börnum líki innihaldið enda telur hún mikilvægt að þau læri að borða þennan herramannsmat.

Guðrún Ögmundsdóttir, verkefnisstjóri í menntamálaráðuneytinu, eldar eftir veðri og á veturna er rjúkandi kjötsúpa oft og iðulega á borðum. „Súpan gefur orku í kroppinn og svo dugar hún í að lágmarki tvo daga,“ segir Guðrún.

Hún reynir að gera súpuna eins barnvæna og kostur er. „Mér finnst svo mikilvægt að börn læri að borða kjötsúpu og reyni því að hafa eins lítið gums og ég get enda eru þau ekki alltaf hrifin af því.“ Guðrún sker til að mynda laukana til helminga í stað þess að saxa þá niður og veiðir þá síðan upp úr áður en hún ber súpuna fram enda tilgangurinn aðallega að fá úr þeim kraft. „Þá reyni ég að hafa ekki of mikið í súpunni til að þau fúlasi síður við henni.“ Guðrún notar einnig haframjöl til að þykkja súpuna en því vandist hún sem barn.

Guðrún er mikill matgæðingur og var ávallt með uppskriftir á heimasíðu sinni þegar hún var þingmaður. „Stundum held

KJÖTSÚPA GUÐRÚNAR

1 kg súpukjöt eða sérvalið lambakjöt eftir smekk
1 rófa meðalstór, skorin í bita
5 gulrætur, skornar í bita
2 laukar, skornir til helminga
1 selleristöng, afar smátt skorin (má sleppa)

hvítkál í strimlum (má sleppa)
1 lúka haframjöl
½ bolli hrísgrjón
3 teningar kjötkraftur frá Honig
salt og pipar

Sjóðið kjötið og laukana í um það bil tuttugu mínútur og fleytið jafnóðum ofan af það gums

sem kemur. Látið vatnið fljóta vel yfir kjötið.

Síðan er öllu öðru bætt út í ásamt haframjöli og hrísgrjónum. Látið sjóða í klukkustund. Veiðið laukana upp úr áður en súpan er borin fram en þeir eru einungis hugsaðir sem kraftur.

ég að þær séu það eina sem fólk saknar eftir að ég hætti á þingi,“ segir hún og hlær. Guðrún hefur þó fundið uppskriftunum nýjan farveg og skrifar reglulega matarþistla á Miðjuna sem má skoða á slóðinni www.midjan.is. „Mér finnst gaman að gera tilraunir og nýta gamlar hefðir og grunna og blanda þeim við nýtt.“ Tilraunastarfsemi Guðrúnar nær hámarki í sultugerðinni en hún státar af þónokkrum verðlauna-

sultum sem fást í verslunum á borð við Frú Laugu, Búrinu og Melabúðinni undir nafninu Matarkveðja frá Guðrúnu Ögmunds. Þetta eru rabarbarapaprikumauk, finnsk ættuð tómatsulta, gul, rauð og græn chilli-sulta og bláberjalauks-jólasulta. „Ég hef gaman af því að prófa nýjar samsetningar og nota sultur með óhefðbundnum hætti eins og út í sósur, sýrðan rjóma og ofan á kjöt og fisk.“

vera@frettabladid.is

Frábær tilboð fyrir 2 eða fleiri

Tilboð 1

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu.
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.

Tilboð 1
1450 krónur á mann
2900 krónur fyrir tvo

Þú getur hringt og pantað matinn heim, komið og borðað á staðnum eða tekið með heim

Tilboð 2

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu.
Svínakjöt og grænmeti með plómusósu.
Kjúklingastrimlar og grænmeti í drekasósu.
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.

Tilboð 2
1550 krónur á mann
3100 krónur fyrir tvo

NINGGS Veisluþjónusta
NINGGS
www.nings.is

Suðurlandsbr. 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • Sími: 588 9899

HÆLGIN



SÖNGHÁTÍÐ verður haldin í Húnaveri á laugardag en þá halda Samkórinn Björk, Kór Blönduóskirkju, Rökkurkórinn og Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps sameiginlega söngskemmtun. Skemmtunin hefst klukkan 20.30 en húsið verður opnað klukkan 20.00.

OLANG
Þeir eru komnir

Vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum

B/A/S/L/E/R
Skiopholt 29b, s:551-0770

Borgarbókasafnið er fyrirtaks afþreyingarstaður fyrir fjölskylduna um helgar þar sem barnadeildin er með sérstakt leiksvæði fyrir yngstu kynslóðina. Skírteini fyrir börn og unglinga eru ókeypis til 18 ára aldurs og jafnframt mega þau hafa fimmtán gögn að láni í einu.

www.borgar-bokasafn.is

Rafstilling ehf

Viðgerðarþjónusta Varahlutir

Startarar Alternatorar

Flottar og ódýrar bilaperur

Heimilis LED perur white og warm white

Duggavegi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4881

ÚTSALA
20 – 50% AFSLÁTTUR

Opið virka daga 10-18
Laugard.-sunnud. 12-16

TOPP HÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518

FRAMTAK BLOSSI ehf

Startarar

Vesturhrauni 1-210 Garðabæ Sími 535 5850-www.framtak.is

Ort og kveðið við áramót

Hagyrðingar og kvæðamenn í Iðunni halda fræðslu- og skemmtifund í Gerðubergi í kvöld sem er öllum opinn. Dagskráin verður með léttum áramótabrag að sögn Steindórs Andersen sem stýrir henni.

„Við byrjum jafnan fundina á litlu hagyrðingamóti þar sem þrír einstaklingar hafa úr þremur yrkisefnum að spila. Oft koma fram ágæt- ar vísur enda hafa menn haft tíma frá síðasta fundi til að yrkja þær og þurfa ekki að hreyta þeim úr sér umhugsunarlítið. Að þessu sinni sjá tveir Sigurðar og einn Sigmundur um kveðskapinn undir forystu Helga Zimsen,“ byrjar Steindór lýsingu sína á dagskrá kvöldsins. Hann segir um venjulegan fund að ræða hjá Kvæðamannafélaginu Iðunni sem haldnir séu reglulega á föstudögum í Gerðubergi í byrjun hvers mánaðar og séu opnir gestum og gangandi.

Í prentaðri dagskrá stendur að Unnur Kolbeins, heiðursfélagi í Iðunni, ætli að flytja kveðskap og vísur úr sinni sveit á samkomu kvöldsins. Steindór er inntur eftir hvaða sveit það sé. „Hún Unnur er dóttir Kolbeins í Kollafirði, merkiskona og móðir Þórunnar Sigurðardóttur leikskálds og Jóns fyrrverandi ráðherra,“ svarar hann og heldur ótrauður áfram. „Svo mun Sigmundur Benediktsson fara með áramótabrag eftir sjálfan sig ásamt fleiru. Sigmundur býr á Akranesi og er mikill hagyrðingur, einn af þeim sem leikur það létt á tungu að gera vísur.“

Þá á Steindór auðvelt með að kynna til sögunnar næsta flytjanda sem tilgreindur er á dagskránni, Rósu Jóhannesdóttur, sem kveður áramótavísur. „Rósa er hálf systir mín, fiðluleikari, kennari og söngkona. Hún er öll að koma til í kveðskapnum. Stundum er það þannig að ef menn eru búnir að ofmennta sig í sönglistinni þá eiga þeir bág með að ná takti við rímurnar en Rósa hefur tileinkað sér þær ágætlega. Svo eru rímnalögin misjöfn og sum þeirra melódískari en önnur, þannig að menn geta svolítið valið sér viðfangsefni með það í huga.“

Bára Gríms og Chris Foster eru landsþekkt hæfileikafólk, þau flytja nokkur lög á fundinum í kvöld. Eftir það verður almennur söngur þar sem áramótalög verða tekin til flutnings við undirleik Bjarna Valtýs Guðjónssonar, organista á Mýrum vestur. Sá er frá Svarfhóli í Hraunhreppi að sögn



„Rímnalögin eru misjöfn og sum þeirra melódískari en önnur,“ segir Steindór Andersen kvæðamaður. FRÉTTABLAÐID/VALU




Kvæðalagaefingar eru ávallt haldnar tveimur kvöldum fyrir skemmtifundina, ein slík var síðasta miðvikudagskvöld. MYND/GUN.

Steindórs. „Það getur orðið alveg ágætis skemmtun að koma þarna og ekki kostar það neitt,“ segir hann. „Nema hvað fólk þarf að borga ef

það ætlar að fá sér kaffi í hléinu og kökur að eigin vali í kaffistofu Gerðubergs.“

gun@frettabladid.is



Startaðu betur í vetur

TUDOR rafgeymirinn er hannaður til að lifa allan veturinn af. Forðastu óvæntar uppkomur. TUDOR rafgeymar - betra start í allan vetur!

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bildshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is

TUDOR
fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík, Selfossi og Barðanum Skútuvogi



Vatnaveröld í Reykjanesbæ nýtur mikilla vinsælda á meðal barna.

Fjölskylduparadís í Vatnaveröld

Í REYKJANESBÆ ER SKEMMTILEGUR VATNSLEIKJAGARÐUR FYRIR BÖRN

Borgarbúum, sem langar að prófa nýjar sundlaugar, er bent á skemmtilegan bíltúr sem hægt er að fara út fyrir borgina en Vatnaveröld í Reykjanesbæ er yfirbyggður vatnsleikjagarður. Þar eru leiktæki fyrir yngstu kynslóðina í 50 metra vatnaveröld en auk þess er hægt að fara í 25 metra útilaug, heita potta og gufu. Laugin er opin frá 8-18 um helgar. Nánari upplýsingar eru á www.sundlaugar.is

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 8. janúar 2010

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir og
Gyðu-ævintýrið hennar

PARIS HILTON FÉLL FYRIR SKÓNUM



BREYTTUR LÍFSSTÍLL MEÐ INGIBJÖRGU STEFÁNS + VEFVERSLUNIN LOULOU
+ BEST KLÆDDU KONUR ÁRSINS 2009 + KREM FYRIR VETRARKULDANN

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Acer eMachine E525-902G16Mi

- 2.2Ghz Intel Celeron M 900
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár 1366x768
- Intel GMA X4500 PCI Express skjákort
- Kortalesari(tekur 5 gerðir)
- DVD±RW Dual Layer DVD og CD skrifari
- Windows 7 Home Premium 64bit

Kr. **97.950**

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS



acer emachines

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

* nýtt og spennandi

ÓLAFUR ARNALDS TÓNLISTARMAÐUR

Fer í verk hjá Íslenska dansfloknum sem ég þarf eiginlega að skila bara í næstu viku svo ég verð væntanlega á fullu í því alla helgina. En ef ég finn einhvern tíma fyrir sjálfan mig ætla ég að taka því rólega og horfa á heimildarþætti sem ég var að detta inn í um píramídana í Egyptalandi.



Glænýtt par

Íslenska fyrirsætan Tinna Bergs og hönnuðurinn Mundi slitu samvistum fyrir nokkru en Tinna er nú komin með nýjan kærasta upp á arminn. Það mun vera enginn annar en plötusnúðurinn og hárgreiðslumaðurinn Jón Atli Helgason en neistarnir flugu á milli þeirra í áramótafagnaði Jóns Jónssonar á skemmtistaðnum Austur. Þess má geta að Jón Atli framleiddi myndband fyrir Gus Gus, Add This Song, þar sem Tinna var í aðalhlutverki.



Þetta HELST

Spennigur fyrir stefnumótþætti

Mikil eftirvænting ríkir fyrir nýrri og endurbættri Djúprí laug sem í þetta sinn verður stjórnad af fjölmiðlakonunni Ragnhildi Magnúsdóttur sem áður var á Kiss FM og Bylgjunni, og Tobbu Marinósdóttur, blaðamanni á DV og Séd og heyrt. Þykir víst að þessar ofurskutlur verði hressar á skjánum og komi með nýjar og ferskar hugmyndir fyrir þennan vinsæla stefnumótþátt. Fyrsti þátturinn fer í loftið 12. febrúar, á föstudegi.

Jógakennarinn Ingibjörg Stefánsdóttir fíkrar sig inn á nýjar slóðir:

BREYTTU UM LÍFSSTÍL

Ég hef lengi haft brennandi áhuga á því að hjálpa fólki að hugsa vel um sig, breyta um lífsstíl og lifa góðu lífi," segir jógakennarinn, markþjálfinn og heilsuráðgjafinn Ingibjörg Stefánsdóttir. Hinn 18. janúar hefst sex vikna lífsstílnámskeið í Manni lifandi sem hún skipuleggur, ásamt Arndísi Thorarensen, eiganda Manns lifandi. Á námskeiðinu ætlar hún að hjálpa fólki að virkja sinn innri kraft til að ná tökum á nýjum og betri venjum með þjálfun og aðhaldi. Það mun ekki einungis snúast um mat, heldur um það hvernig fólki líður almennt í lífinu, í sambandinu sínu, eða í vinnunni og hvernig það tengist oft mataræðinu. Námskeiðið verður byggt upp á einstaklingsviðtölum, fyrirlestur Ingibjargar og gestafyrirlesara og umræðum. Kennit verður í tíu manna hópum á þriðjudögum og fimmtudögum, frá 18 til 19.30, samtals í níu skipti.

Ingibjörg er nú í fjarnámi við Institute of Integrative Nutrition í New York, þar sem hún leggur stund á lífsstílnæringarfræði. Hún nýtur sín vel þar. „Ég hef aldrei farið í svona flott nám áður, það er virkilega vel upp sett og ég er uppnúmin eftir hvern fyrirlestur. Það er mikið efni að fara yfir en þetta er rosalega skemmtilegt," segir hún. Áður einbeitti hún sér fyrst og fremst að jóganu, þótt hún hafi alla tíð haft mikinn áhuga á hollu mataræði. „Það er oft þannig með fólk sem stundar jóga að það fer ósjálfrátt að verða meðvitaðra um hvað það setur ofan í sig. Í gegnum kennsluna hefur fólk svo oft verið að spyrja mig ráða um mataræðið, svo ég ákvað að drífa mig að læra meira. Mig langar virkilega að hafa meiri áhrif þarna, á hvað fólk setur ofan í sig.“

Meðal þeirra gestafyrirlesara sem koma að námskeiðinu eru þær Edda Björgvinsdóttir leikkona og Ásdís Olsen, sem hafði veg og vanda af útgáfu bókarinnar Meiri hamingja á íslensku, en hún fjallar um jákvæða sálfræði og leiðir að hamingjunni í gegnum hana.

Námskeiðið er ætlað öllum, konum og körlum, og kostar 39.900 krónur. Innifalið í því er gjafakort í jógastöð Ingibjargar, Yoga Shala, sem gildir meðan á námskeiðinu stendur. Þar að auki fá allir þátttakendur máltíð á Manni lifandi í hverjum tíma.

- hhs



Ingibjörg Stefánsdóttir Skipuleggur námskeið í Manni lifandi þar sem meðal annars verður farið í hvernig öðlast má betra líf með bættri næringu. MYND/HARI

Útsalan er hafin

25-60% afsláttur
Langur laugardagur opið kl. 11-15

Þrátt SKÓARI

STOFNAD 1984

Skóbúð/skóvinnustofa, Grettisgata 3, 101 Reykjavík

Vefverslunin Loulou fer í loftið

Ofbauð verðlagið

Þetta byrjaði auðvitað allt saman vegna þess að ég er sjúk í fót," útskýrir Harpa Pétursdóttir, mastersnemi í lögfræði, en hún var að setja á laggirnar síðuna www.loulou.is. Síðan sérhæfir sig í að selja fallegar flíkur sem eru jafnframt ódýrar. „Ég hef lengi verið að leita að leiðum til þess að geta keypt fót sem kosta mig ekki tugi þúsunda eins og oft vill verða hér á Íslandi. Það virðist ekki vera hægt að kaupa fallega flík fyrir eitt tækifæri án þess að það kosti formúu og svo eru þetta kannski fót sem maður notar sjaldan aftur. Mér hreinlega ofbauð verðlagningin hér heima.“ Harpa pantar inn fót frá Bretlandi, Los Angeles og Ástralíu og selur þau á vefsíðunni. „Ég vel fót sem



Ódýr og falleg fót Harpa Pétursdóttir er með vefsíðuna Loulou.is þar sem hægt er að versla á góðu verði.

mig myndi sjálfa langa í og þau eru svona hæfilega klassísk en þó alltaf með einhverjum skemmtilegum avant-garde blæ.“ Þess má geta að Harpa selur einnig „vintage“ fót á Facebook undir síðunni Loulou Second Hand en þar er að finna lítið notaðar merkjavörur. - amb



GLÆSILEG Leikkonan Sarah Jessica Parker var flott í bleiku á frumsýningu kvikmyndarinnar Did You Hear About the Morgans í London.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Ásta Kristjánsdóttir
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

jólaskraut

50%
afsláttur



áður 7.990,-
nú 3.990,-



áður 4.990,-
nú 2.490,-

Sloppar
og handklæði

30%
afsláttur

áður 990,-
nú 445,-



áður frá 1.190,-
nú 833,-



áður 4.990,-
nú 3.493,-



Snyrtivörur

15-50%
afsláttur

Púðar
15-40%
afsláttur

áður 2.990,-
nú 2.541,-



áður 2.990,-
nú 2.541,-



áður 6.990,-
nú 4.893,-

áður 1.990,-
nú 1.393,-

áður 3.490,-
nú 2.966,-

áður 1.790,-
nú 1.253,-

Blómavasar
15-40%
afsláttur



áður 4.990,-
nú 3.493,-



áður 4.990,-
nú 3.493,-

áður 3.490,-
nú 2.243,-

áður 7.990,-
nú 5.593,-



50% afsláttur
áður 27.900,-
nú 13.950,-



20% afsláttur
áður 24.900,-
nú 19.920,-



20% afsláttur
áður 49.900,-
nú 39.920,-



20% afsláttur
áður 19.900,-
nú 15.920,-



20% afsláttur
áður 29.900,-
nú 23.920,-



20% afsláttur
áður 34.900,-
nú 27.920,-

40% afsláttur
áður 7.990,-
nú 4.794,-



30% afsláttur
áður 3.990,-
nú 2.793,-



30% afsláttur
áður 1.190,-
nú 833,-



30% afsláttur
áður 2.490,-
nú 1.743,-



30% afsláttur
áður 6.990,-
nú 4.893,-



30% afsláttur
áður 990,-
nú 693,-

the
PIER

Útsalan er hafin
allt á 15-70% afslætti

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

PARIS HILTON FÉLL FYRIR SK

Sagan á bak við Gyðju, skólínu Sigrúnar Lilju Guðjónsdóttur hönnuðar, er ævintýri líkust. Fyrirtækið klæðir nú stjórnur eins og Anitu Briem, Kylie Minogue og Paris Hilton og er í stöðugri sókn.

Viðtal: Anna Margrét Björnsson
Ljósmyndir: Ásta Kristjánsdóttir

É g ólst upp í Vesturbænum og fluttist í Elliðaárdalinn þegar ég var níu ára. Gekki í Ártúnsskóla og var hamingjusamt barn,“ segir Sigrún Lilja með smitandi bros á vör. Við erum staddar á skrifstofu hennar í Lækjargötu en þar má sjá Gyðju-skóna uppi í hillum, skó, sem hafa orðið talsvert þekktir undanfarið og komist í pressuna þegar stjórnurnar Anita Briem og Kylie Minogue fóru að ganga í þeim. Það er augljóst að bæði skófatnaðurinn og fylgihlutir eru sem sniðnir fyrir stórstirni en þar eru háir hælur, málmhlitir og kristallar í fyrirrúmi.

„Áhugi á hönnun hefur fylgt mér alveg síðan ég var lítill. Ég keypti mér til dæmis saumavél fyrir fermingarpeningana mína! Ég fór á textilhönnunarbrot í FB en eftir það skipti ég alveg um pól og hélt að það yrði erfitt fyrir mig að vinna fyrir mér með hönnun. Ég hellti mér þá út í viðskiptafræðina og tók stúdentspróf af viðskiptabraut í Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Þess má geta að ég vann líka í fjölskyldufyrirtækinu Tanna auglýsingavörum. Þar var ég sölumaður og síðar sölustjóri í fimm ár. Ég fékk ómetanlega reynslu þar, sem ég er afar þakklát fyrir, og lærði til dæmis mikið um framleiðsluferli, samskipti við viðskiptavinum og hvernig unnið er með verksmiðjum.“

BYRJADI Á LOS ANGELES

Vendipunkturinn í lífi Sigrúnar Lilju var ferð sem hún fór í með fjölskyldu sinni árið 2006. „Við fórum til Egyptalands um jólin í frí og það var mjög sérstök og skemmtileg reynsla. Ég var meðal annars í bænum Hourgada og eins og alltaf þegar ég ferðast þá



Með Siberíuhundana sína Sigrún Lilja nýtur þess að fara í gönguferðir úti í íslenskrí náttúru en þaðan sækir hún innblástur sinn.

langaði mig til þess að versla. Ég rambaði inn í verslun sem seldi leðurskó og tösukur og fannst eitt-hvað verulega sérstakt við hana. Ég spurði hvort ég mætti hana tösku og skó á sjálfa mig og hvort þetta gæti verið tilbúið eftir þrjá daga, því þá væri ég að fara!“ Þeir lofuðu öllu fögru og ég lét framleiða bleikar og hvítar vörur úr

úlfaldaleðri.“ Loforðið stóðst og Sigrún Lilja fékk vörurnar í hendurnar þremur dögum síðar. „Ég varð ótrúlega ánægð og þá fór ég að hugsa um hvað það væri nú skemmtilegt að geta unnið við að hana svona hluti, en við konur erum samt alltaf duglegar að draga úr okkur og segjum, þetta gæti ég aldrei. Þegar fólk

hins vegar fór að skoða vörurnar sem ég hafði látið hana þá voru margir hrifnir og ég fékk mikla hvatningu. Þá fór ég að spá í þetta betur og ákvað að setja upp fyrirtæki með lítilli yfirbyggingu sem væri byggt á vefverslun, en slíkt var ekki algengt á þessum tíma. Ég skoðaði framleiðendur á mörgum stöðum, en ég hafði lagt áherslu á

gæðin og gott hráefni. Þetta ferli tók mig tvö ár og á þeim tíma fór ég á námskeið hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem heitir Brautargengi fyrir konur í viðskiptum. Það var alveg stórkostlegt. Við konur getum verið mjög gagnrýnar á okkur sjálfar og höldum oft að hugmyndir okkar verði skotnar í kaf við minnsta tækifæri en þarna fékk maður mikla hvatningu og leiðsögn. Ég útskrifaðist þaðan árið 2007 og í kjölfarið fór Gyðju-vefurinn í loftið. Viðbrögðin voru samstundis góð og ég fór strax að huga að útrás.“ Sigrún Lilja tók í kjölfarið þátt í verkefni hjá Útflutningsráði þar sem gerð var markaðsáætlun fyrir fyrirtæki hennar og hún fékk ýmsa ráðgjöf. um sölu erlendis.

„Ég var því að velta fyrir mér í hvaða landi væri best að byrja með Gyðju. Á þessum tíma var leikkonan Anita Briem farin að vera í vörnum frá mér og það hafði vakið athygli á þeim vestanhafs. Mér hafði verið bent á að skoða Skandinavíu og Bretland en eftir ýmsar vangaveltur kom Los Angeles upp á yfirborðið. Við kýldum á þetta, gerðum útflutningsáætlun og þremur mánuðum síðar var ég komin til LA. Núna er ég komin með fólk í vinnu bæði í París og í LA og næst á dagskrá hjá mér er heilmikið ferðalag. Ég fer fyrst til Parísar á sölufundi og á tiskuvikuna þar. Því næst er ég að fara til Bandaríkjanna og þá byrjum við í New York og tiskuvíkunni þar, svo förum við til Las Vegas og verðum með Gyðju þar á vörusýningu. Við endum svo í Los Angeles þar sem við verðum með þéttskipaða dagskrá í nokkrar vikur.“

STJÖRNURNAR HRÍFAST

Velgengni Gyðju er ekki síst því að þakka að stjórnurnar ytra virðast falla unnvörpum fyrir vörnum. „Ég er núna í samvinnu við nokkrar stjórnur og það er í rauninni mjög viðkvæmt fyrir mig að segja hverjar þær eru akkúrat núna. Ég er með starfsmann úti sem vinnur við markaðssetningu og samningurinn við Kylie Minogue kom til vegna þess að stílistinn hennar fékk bæklinga frá stílista annarrar stjörnu sem er mjög hrifin af vörnum okkar.“ Og hvaða stóra stjarna er það? „Það er Paris Hilton, hún fékk vörur frá mér,“ segir Sigrún Lilja með hlédrægu brosi. „Hún varð mjög hrifin af minni framleiðslu og notaði í nýjustu



Eirberg

Fjölþrepa bakbrettið

- Eykur sveigjanleika
- Línar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun
- Má nota hvar sem er



Verð: 7.950 kr.



Opið virka daga frá kl. 9 - 18

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

* bak við tjöldin

Besti tími dagsins:

Hádegji stendur upp úr, mér finnst æðislegt að hitta vinkonurnar reglulega yfir hádegismat til að kjafta og hlæja.

Skemmtilegast að gera:

Að ljúka krefjandi verkefni og geta slappað af áhyggjulaus.

Leiðinlegast að gera:

Hlusta á niðurdrepandi umræður um efnahagsástandið og lcesave.

Uppáhaldsborgin:

Washington DC er æðisleg en það er erfitt að gera upp á milli.

Skemmtilegasti staðurinn:

Uppblásin plast-sundlaug á sólríkum degi í Elliðaárdalnum með vinkonum og kokkteilum, gerist ekki betra.



Best að borða:

Vegamót er staðurinn minn og búinn að vera í mörg ár.

Bókin á náttborðinu:

Vigdís – Kona verður forseti.

ÓNUM

seríunni af raunveruleikabættinum sínum My BFF. Ég er gífurlega spennt eftir að þetta fari í loftið. Hún sumsé var það hrifin að hún er með Gyðju-vörurnar í sínum einka fataskáp og notar þetta við ýmis tækifæri. Ég trúi þessu varla enn þá, þetta er svo óraunverulegt,“ hlær hún. „En það eru sumsé fleiri stjórnur í samningsviðræðum við mig og slíkur samningur felst í því að þær fá að ganga í vörnum og í staðinn er þetta mikill heiður og auglýsing fyrir mig þegar þær eru myndaðar í Gyðju. Ég tel þó ekki tímabært að upplýsa um nöfn þeirra fyrir en allt er frágengið.“ Sigrún Lilja segir að það vefjist ekki fyrir útlendingum að bera fram nafnið Gyðja. „Ég vildi hafa íslenskt nafn og ég er stolt af því að vera Íslendingur.“

GÖNGUFERÐIR Í HRAUNINU VEITA INNBLÁSTUR

Sigrún Lilja segist þó vera mjög varkár, sérstaklega í ljósi erfiðra tíma. „Ég ígrunda hvert einasta atriði mjög vel. Ég er með um fimm manns í að vinna fyrir mig núna og svo hef ég einnig fengið frábæra aðstoð frá kærastanum mínum sem stendur á bak við mig í einu og öllu. Við erum barnlaus enn þá enda er sólarhringurinn minn ekki nógu langur núna til þess að hafa tíma fyrir barn eignir! Ég vil standa mig í báðum hlutverkum, að vera móðir og að vera viðskiptakona og þess vegna tók ég meðvitaða ákvörðun um að fresta því aðeins að eignast fjölskyldu,“ segir Sigrún Lilja. „En það er nóg að gera heima við, utan vinnunnar. Við erum stuðningsforeldrar níu ára stúlku sem kemur til okkar reglulega. Hún er yndisleg og við teljum okkur eiga dálítið í henni líka!“ segir Sigrún Lilja með breiðu brosi. „Svo eigum við tvo yndislega Síberíu husky-hunda og það gefur mér afskaplega mikið að bregða mér út í náttúruna með hundana. Það sem veitir mér mestan innblástur í lífinu er að fara út í Hafnarfjarðarhraunið, bara ég og hundarnir mínir!“ En er ekki alveg hægt að búast við því að Sigrún Lilja þurfi að fórna íslenska hrauninu fyrir glamúr og glys í Hollywood? Hún hlær. „Það getur auðvitað farið svo að maður þurfi eitthvað að flytjast búferlum út af fyrirtækinu. En ég elska landið mitt og ræturnar verða alltaf íslenskar.“



Falin perla: Súpubarinn í Listasafni Reykjavíkur er með æðislegan mat sem stendur alltaf fyrir sínu og er hollur í þokkabót.



Verndaðu húðina í kuldanum

Undanfarnar vikur hefur verið sérlega kalt í veðri. Kremin sem við notum dags daglega virka ekki alltaf í kuldanum og því er mikilvægt að finna sér krem sem verndar húðina í frostinu. Comfort On Call frá Clinique hentar sérstaklega vel fyrir þá sem stunda skíði eða útivist á veturna, en það verndar húðina fyrir skemmdum vegna vinda, kulda og annarra veðratengdra árása. Kremið er ofnæmisprófað og róar húðina eftir áreiti umhverfisins. Turnaround-maski og body lotion eru einnig nýjungar frá Clinique sem leika við kroppinn. Maskinn virkar eins og mild húðslípun eftir að hann hefur verið á andlitinu í fimm mínútur og body lotionið gerir þurra húð mjúka og geislandi á ný.



DUX CLASSIC

2 DUX Classic 90x200cm/Xtandard
yfirdýna 180x200cm og fætur

Tilb kr 379.000

DUX VISTA CLASSIC PAKKI

2 DUX Classic 90x200cm/Xtandard
yfirdýna 180x200cm/23cm fætur/
Vista höfuðgafli og Mathilda rykfaldur.

Tilb kr 479.000



DUXIANA®
ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

Ármúla 10 | sími: 5689950 | www.duxiana.com

tíska

* tíska og útlit



SLYDDUSKÓR Nú eru útsölnar á fullu og um að gera að fjárfesta í góðum skóm í snjóinn. Þessir eru frá Marc Jacobs og fást í Kron Kron.



Michelle Obama Bandaríska forsetafrúin kann að blanda saman ódýrum merkjum eins og Gap og J.Crew við hátískuhönnun eins og frá bandaríska hönnuðinum Narciso Rodriguez. Henni hefur verið líkt við forsetafrúna Jackie O.



Diane Kruger Leikkonan vakti mikla athygli í kvikmyndinni Inglorious Basterds og enn meiri athygli fyrir flottan klæðaburð meðan á kynningum á myndinni stóð.



Cheryl Cole Poppstjarnan og fótboltaeiginkonan hefur fært sig úr skinkubúningnum yfir í fágaða hönnun, meðal annars frá hönnuðunum Marios Schwab, Gils, Richard Nicoll og David Koma, og grætt þar með prik hjá tiskuspekulöntunum.



Audrey Tatou Þessi fallega franska leikkona lék Coco Chanel í kvikmyndinni Coco before Chanel og gekk augljóslega aðeins í Chanel allt síðasta ár. Ekki amalegt!

Alexa Chung MTV-sjónvarpskonan Alexa Chung er enn eina ferðina á lista yfir best klæddu konur ársins en hún þykir hafa frumlegan og sniðugan stíl.

SKOLAR

HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

UNGBARNALEIKSKÓLINN

ÁRSÓL

REYKJAVÍK

Ungbarnaleikskólinn Ársól óskar eftir að ráða leikskólakennara. Fáist ekki leikskólakennarar verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða leiðbeinendur. Í leikskólanum er unnið eftir heilsustefnunni með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun. Unnið er með jákvæð og gefandi samskipti og er góður andi ríkjandi í skólanum.

Hafir þú áhuga á að vinna í lifandi og metnaðarfullu starfsumhverfi með skemmtilegu fólki þá hafðu samband. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.



Heilsuleikskólar Skóla: Hamravellir, Háaleiti, Kór, Krókur og Ungbarnaleikskólinn Ársól

Nánari upplýsingar veita:
Berglind Grétarsdóttir
leikskólastjóri í síma 563-7730
Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á www.skolar.is

Smekklegustu konur síðasta árs valdar af Vogue


BEST KLÆDDU

2009

Tískubíblían Vogue velur árlega þær konur sem blaðið telur hafa framúrskarandi fatasmekk. Þar tróna sumar konur á toppnum ár eftir ár eins og til dæmis fyrrsætun Kate Moss en þó mátti merkja nokkur ný andlit á listanum eins og Cheryl Cole, og Audrey Tatou.



Emma Watson Stjarna Harry Potter-kvikmyndanna hefur þróað flottan stíl síðustu ár og í upphaldi hjá henni eru hönnuðir eins og Proenza Schouler. Emma var nýlega ráðin sem andlit Burberry-tiskuhússins.



Dannii Minogue Systir Kylie Minogue var gestadómari í breska X-factor þættinum og sló í gegn með fatastíl sínum. Hún gekk í fötum eftir Osma, Donnu Karan og Aurelio Costarella á árinu sem vann henni sæti á lista yfir best klæddu konurnar.



Kate Moss Hin 36 ára gamla ofurfyrirsæta virðist aldrei stíga feilsþor hvað persónulegan stíl varðar.



Sienna Miller Breska leikkonan kynnti kvikmyndina Gl Joe á árinu og hefur aldrei verið flottari. Hún klæddist meðal annars fötum frá Hermes, Peter Pilotto, Diane Von Furstenberg og Isabel Marant.

Georgia May Jagger Dóttir Micks Jagger og Jerry Hall þykir gífurlega smart og er iðulega mynduð í kjólum frá Vivienne Westwood.



10% - 50%
ÚTSALA HEFST
Í DAG KL. 10:00

VELJUM ÍSLENSKA HÖNNUN
E-LABEL | LAUGAVEGUR 33 | WWW.E-LABEL.IS



E-LABEL



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Lára Björg Björnsdóttir
sagnfræðingur og
pistlahöfundur




Þaka verðlaunabrauðið mitt í morgunsárið sem er víst orðið ódauðlegt og landsfrægt og gef syni mínum rjúkandi heitt súkkulaði.



Píni mig í ræktina í korter til að líta betur út seinna í dag, það vill enginn vera þanninn á fullkomna föstudeginum sínum.



Í hádeginu hitti ég föður minn á Jómfrúnni og hlæ allan tímann því hann er svo óstjórnlega fyrindinn og skemmtilegur.



Í eftirmiðdaginn fer ég á Happy Hour á Hilton (það er kreppa, krakkar, 2 fyrir 1) þar sem ég sit í faðmi vinkvænna minna en þær eru einmitt allar með sitt hár og sjúklega sætar.

Um kvöldið skreyti ég húsið með dæmöntum og ísskúlpörum og býð kærasta mínum í mat (en læt hann samt elda).



Rifjaveisla í Grillhúsinu

Fimmtudaga til sunnudaga
bjóðum við uppá rjúkandi BBQ grísaríf
1/1 skammtur 2.195 kr.- 1/2 1.695 kr.-








GOTT STEIKHÚS Í 18 ÁR! Grillhúsið Tryggvagötu 20.

Tíska, fegurð, hönnun,
lífið, fólkið, menning
og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur

Fylgstu með

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m². Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Gisting



GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalija@stracta.com



Mosfellsbakari
Mosfellsbakari á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími 13.-18.30 og aðra hvora helgi, annan daginn. Nánari upplýsingar veitir Ellisífr í s. 660 2153 eða á staðnum.

Tryggingamiðlun Íslands auglýsir eftir úthringjum til starfa á kvöldin. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl gefur Gíslí í 893-7074 og gisli@tmi.is

Guðspekifélagið
Í kvöld, föstudaginn 8. janúar kl. 20:30 er erindi Skalta Ingimarssonar; Höfundur Herúlakenningarinnar: Barði Guðmundsson, ævi og stórt, í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22
Laugardaginn 9. janúar kl. 14:00 er hugleiðing, kl. 14:30: Farið yfir fræðsluefni Sigvalda.
Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30 Erindi Árna Reynissonar: Sólarsteininn. Á fundinum segir Árnir Reynisson frá útkomu Njarðarbókar um norrænan goðaheim.
Á fimmtudögum kl. 16.30-18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.gudspekifelagid.is

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

ATVINNA

Atvinna í boði



Ert þú fyrirsæta?
Á kanínunni (The Purple Rabbit) bjóðast íslenskum konum allskonar möguleikar til að hagnast á fegurð sinni og kynþokka. ATH: Nú leitum við sérstaklega að smekklegum en svoltið djörfum klippum og videómyndum. Kynntu þér málið. PurpleRabbit.is

Cafe Óliver
Óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús. Umsóknir í síma 821 8500, Amar eða arnar@cafeoliver.is (Góð íslenska skilyrði).

Líkamsnuddarar óskast, reynsla ekki nauðsynl. Hreinlæti skilyrði. Hafa samb. unadsnudd@gmail.com

Markaðstorg kringlunnar óskar eftir starfskrafti í hlutastarf og helgarvinnu. Uppl s 895 5513.

Atvinna óskast

Hársnyrtinema vantar námssamning 22 ára nemi sem hefur klárað 3.önn vantar námssamning hvar sem er á landinu sem fyrst Stundvís, reglusöm og iðin. Reyklaus S: 849 1178, afth@simnet.is Árný

vinna.is
Umsækjendur – kikið inn á www.vinna.is
Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar



Kynningarfundur
Kynningarfundur í Kærleikssetrinu laugardaginn 9. janúar kl. 14:00 Er tímabært að endurmeta áherslurnar í lífinu og skoða ný tækifæri? Mætið á fundinn og sjáið hvað er í boði. **Kærleikssetrið. Álfabakka 12, s. 567 5088 & www.kærleikssetrid.is & kærleikssetrid@kærleikssetrid.is**

Einkamál



Á Rauða Torginu Stefnumót er fjöldi nýrra auglýsinga frá fólki sem býður upp á eða leitar að tilreytingu og ævintýrum, en líka frá fólki sem leitar varanlegra kynna. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321, karlar, hommar, lesbiur og pör í s. 535-9923. Auglýsingar má heyra í s. 905-2000 og 535-9920. www.raudatorgid.is



The Purple Rabbit (kanínun, kanínuvefurinn) er vefur fyrir fólk með ævintýrabrá. Hvernig leikfélaga leitar þú? Notaðu kanínuna til að koma þér og þínum óskum á framfæri! Slóðin er: PurpleRabbit.is.



Stefnumót.is er vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk á öllum aldri sem vill kynna með félagskap, vinskáp eða varanleg kynni í huga. Vefurinn er gjaldfrjálss. Vertu velkomin/n.
Fullorðinn maður vill kynna karlmanni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8821.

Símadómur. 908 66666 & 908 2000.
Hringdu þegar þér hentar, engin bið!! Opið allan sólahringin.

45 ára kona í Reykjavík vill kynna karlmanni, aðallega með líkamlegt samband í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8148.

Kona með fallega rödd leitar kynna við karlmann með tilbreytingu í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8366.

Eldri kona með gott hjartalag vill kynna karlmanni, 60+, með vinskáp í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8916.

Fullorðinn karlmaður vill kynna karlmanni, 30 ára eða eldri. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8424.

Til kvenna:
Konur sem vilja kynna karlmönnum með kynf. ævintýri í huga nota Rauða Torgið Stefnumót til að ná sambandi við réttu mennina. Kona, þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 555-4321

Mjög heitur karlmaður leitar mjög ákaft að ævintýri með karlmanni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8290.

57 ára karlmaður vill kynna heitum topp sem hefur aðstöðu. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8853.

25 ára karlmaður, bæði toppur og botn, vill hitta karlmenn til skemmtilegra leikja. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8730.

Tilkynningar

Verkalýðsfélagið Hlíf

Allsherjaratkvæðagreiðsla

Tillögur uppstillingarnefndar og stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar um stjórn, skoðunarmenn reikninga, stjórn sjúkrasjóðs og stjórn orlofsheimilásjóða félagsins fyrir árið 2010, liggja frammi á skrifstofu Hlífar frá og með 8. janúar 2010.

Kosið er samkvæmt A-lið 22. gr. laga Hlífar í eftirtaldar stöður:

1. Formann og tvo meðstjórnendur til tveggja ára
2. Tvo varamenn í stjórn til tveggja ára
3. Tvo félagslega skoðunarmenn reikninga og einn til vara til eins árs.
4. Stjórn sjúkrasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.
5. Stjórn orlofsheimilásjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.

Öðrum tillögum ber að skila á skrifstofu Hlífar, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, fyrir kl. 16:00 mánudaginn 18. janúar 2010 og er þá framboðsfrestur útrunninn.

Til þess að bera fram lista eða tillögu þarf skrifleg meðmæli eða stuðning 1/10 hluta fullgildra félagsmanna þó ekki fleiri en 100.

Kjörstjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar

Skipulagsstofnun

Efnistaka vestan Ölfusáróss, í landi Hrauns í Ölfusi, Sveitarfélaginu Ölfusi

Mat á umhverfisáhrifum - Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum efnistöku vestan Ölfusáróss, í landi Hrauns í Ölfusi, samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Helstu niðurstöður Skipulagsstofnunar eru þær að neikvæð umhverfisáhrif efnistökkunnar felist helst í varanlegri röskun í Leitahrauni vegna grjótnáms, en hraunið nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd. Hins vegar liggur fyrir álit sérfræðings um að ekki sé tilefni til þess að friða hraunið, þar sem grjótnám fer fram og að áætluð stærð efnistökkusvæðisins verður lítið miðað við flatarmál Leitahrauns alls. Ummerki eftir grjótnámið verða því á takmörkuðum hluta hraunsins. Skipulagsstofnun telur því að neikvæð áhrif efnistökkunnar á hraunið verði ekki veruleg. Þá verða neikvæð áhrif á fornleifar að því leyti, að fjarlægja þarf eina vörðu í Leitahrauni. Fyrir liggur að það verður gert í samráði við Fornleifavernd ríkisins og einnig verði stofnunin höfð með í ráðum varðandi varðveislu annarra varða á svæðinu.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Böla ehf. er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is**.

Skipulagsstofnun

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309
690 5115

golflist@golflist.is
www.golflist.is

Gólf list
Parketlagnir og viðhald

Bíladagar Fréttablaðsins!

Þarftu að kaupa, selja eða skipta? Sérstakir bíladagar verða frá og með næstu helgi alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

Sértilboð á bílaauglýsingum – aðeins 3.490 kr, texti og mynd.

Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Bíladagar – markaðstorg með bíla



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Laufey Hafllína

Finnsdóttir

Garðvangi, Garði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, þriðjudaginn 5. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 11. janúar kl. 13.00.

Finnur Óskarsson	Ásgerður Einarsdóttir
Porbjörg Óskarsdóttir	Einar Gunnarsson
Erla Vigdís Óskarsdóttir	
Ingibjörg Óskarsdóttir	Guðjón Guðjónsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkar til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð og hlýju við andlát
og útför móður okkar, tengdamóður og
ömmu,

Guðrúnar Ágústu

Óskarsdóttir

Ásavegi 2g, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkar til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja og Kirkjukórs Landakirkju.

Jóhanna Hjálmarsson	Sigurjón Þór Guðjónsson
Viðar Hjálmarsson	Jóna Sigríður Guðmundsdóttir

Hjálmar, Guðrún Ágústa, Bjarni Ólafur, Guðjón Orri og Franz.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengda-
móðir, amma og langamma,

Áslaug Böðvarsdóttir

Íragerði 5, Stokkseyri,

verður jarðsöngin frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 9. janúar kl. 15.00.

Einar Ólafsson	Jóhanna H. Óskarsdóttir
Sigrún Kristín Hilmarsson	
Kári Böðvars	
Óskar Ingi, Tómas Þór, Anna Margrét	

og langömmubörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langlangamma,

Guðrún Sturludóttir

Hjallaseli 41, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, þriðjudaginn 5. janúar sl. Útförin auglýst síðar.

F.h. aðstandenda,	Þorkell Samúelsson
Sigríður Kristín Þórisdóttir	Sveinborg Jónsdóttir
Reynir Þormar Þórisson	



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og
amma,

María Ólína

Kristinsdóttir

frá Horni, Árskógum 6, Reykjavík,

lést á jóladag á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hennar látnu.

Gunnlaugur K. Hreiðarsson	Kolbrún Guðmundsdóttir
Helgi Már Hreiðarsson	Guðrún Ólöf Sigmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



75 ára afmæli

Magnús Theodór

Magnússon

myndhöggvari, **TEDDI** er 75 ára í dag 8. janúar. Af því tilefni hefur hann opið hús allan daginn laugardaginn 9. janúar á vinnustofu sinni Arnarholti á Kjalarnesi og býður þangað vinum, ættingjum og velunnurum að koma og þiggja léttar veitingar og njóta verka hans í tilefni dagsins. Leiðarlýsing er á heimasíðu hans www.teddi.net




80 ára afmæli

Sigríður

Halldórsdóttir

vefnaðarkennari, Kópavogsbraut 1c, er áttúrad í dag 8. janúar 2010. Í því tilefni býður hún vinum og venslafólki til kaffisamsætis í kaffihúsinu **AMOKKA** Hlíðarsmára 3 Kópavogi, laugardaginn 9. janúar kl. 15.00 - 18.00. Blóm og gjafr vinsamlega afþakkaðar.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengda-
faðir, afi og langafi,

Hreiðar Eyfjörð Jónsson

Brekkugötu 38, Akureyri,

lést í Sjúkrahúsi Akureyrar 5. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 15. janúar kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á hjálparstarf ABC.

Soffía Jóhannsdóttir
Jóhann Eyfjörð Hreiðarsson
Hreiðar Eyfjörð Hreiðarsson
og fjölskyldur.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Haraldur Árnason

Laugarvegi 33, Siglufirði,

lést 29. desember. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 9. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er vinsamlegast bent á SÁÁ, banki 116 26 452, kt. 521095 2459.

Karólína Friðrika Hallgrímsdóttir	Ásgeir Sigurðsson
Ólöf Þórey Haraldsdóttir	Erlingur Björnsson
Helga Haraldsdóttir	
Ragnheiður Haraldsdóttir	Ragnheiður Árnadóttir
Árni Haraldsson	
Eyþór Haraldsson	
Árni Þór Guðmundsson	

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar Friðrik Valby

Jónsson

Austurbrat 4, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, miðvikudaginn 30. desember. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, þriðjudaginn 12. janúar kl. 13.00.

Anna Basilia Pepito	Bryndís Jakobsdóttir
Sigrún Elisabet (Sísella) Gunnarsdóttir	Brynjólfur Línal
Kristján Valby Gunnarsson	Jóhannesson
Unnar Valby Gunnarsson	Gerður Björg Jónsdóttir
Katherine Rose Jónsson	Linda Ósk Heimisdóttir

Ray Anthony Jónsson
Michael James Jónsson
Ronald Glenn Jónsson
Gréta Dögg Hjálmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

STEPHEN HAWKING ER 68 ÁRA Í DAG.

„Ég hef tekið eftir því að jafn-
vel fólk sem er forlagatrúar, og
telur að allt sé fyrirfram ákveð-
ið og ekki sé hægt að gera neitt
til að breyta því, lítur til beggja
hlíða áður en það gengur yfir
götu.“



Breski eðlisfræðingurinn Stephen Hawking er einn þekktasti fræðimaður heims og höfundur bókarinnar Saga tímans. Hann er haldinn hreyfitaugungahrönnun sem lamar líkamann smám saman.

tímamót

tímamót@frettabladid.is



FÉLAGSFRÆÐINGUR MEÐ PENINGAÁHUGA Ingólfur H. Ingólfsson stofnaði Spara.is fyrir nokkrum árum þar sem hann kennir fólk að fara með peningana sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

INGÓLFUR H. INGÓLFSSON: ER SEXTUGUR Í DAG

Ætlar að dansa undir sólinni

„Ingólfur H. Ingólfsson félagsfræðingur, eða Ingólfur hjá Spara.is eins og hann er þekktastur í dag, er fæddur og uppalinn á Akureyri. „Ég er fæddist í risherbergi í því merka húsi Bautanum sem á þeim tíma var Guðmannsverslun,“ segir Ingólfur en hann rekur rætur sínar þó víðar en á Norðurlandið. „Foreldrar mínir koma að vestan, móðir mín úr Dýrafirðinum og faðir minn úr Flatey á Breiðafirði,“ upplýsir hann. Ingólfur bjó á Akureyri allt þar til hann útskrifaðist úr Menntaskólanum þar í bæ árið 1971.

„Ég fór þá í félagsfræði við Háskóla Íslands sem var alveg ný grein. Ég var '68-kynslóðar maður og þótti rétt að velja svo róttæka grein,“ segir hann glettinn. Róttækinn réði áfram för eftir útskrift frá HÍ. Ingólfur fór til Þýskalands í framhaldsnám og valdi sér háskólann í Bremen. „Hann var stofnaður örfáum árum fyrr og var skóli sem átti að uppfylla kröfur stúdentsríkisins,“ segir Ingólfur. Hann lauk síðan námi í félagsfræði en hélt ekki heim um leið heldur hóf að kenna. „Þegar ég var búinn að ljúka mínu námi í byltingarfræðunum var nefnilega engin eftirspurn lengur eftir byltingarmönnum,“ segir hann og hlær.

Eins og með svo marga Íslendinga togaði föðurlandið í Ingólfur og þegar hann sneri aftur hóf hann störf hjá Tryggingastofnun ríkisins. „Enda hafði ég í náminu lagt áherslu á vinnu og endurhæfingu,“ segir Ingólfur en lengst af starfaði hann í umönnunargeiranum, hjá Svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, Geðhjálp og víðar.

Síðan sneri Ingólfur algerlega við blaðinu árið 2003. „Þá fór ég allt í einu að hugsa um peninga sem er töluvert fjarlæggt félagsfræðingnum,“ segir hann en að eigin sögn var röt-tæklingurinn hann alltaf með gat á buxnavösum og hafði ekki mikið dálæti á peningum. „Þegar ég stóð á fimmtugu leist mér ekkert á það hvernig peningamálin voru að þróast hjá mér. Ekkert nema skuldir, vinna, meiri vinna og ég sem hafði látið mig dreyma um að fara á eftirlaun snemma og njóta lífsins í Karibahafinu,“ segir hann glettinn. „Þá settumst við konan mín niður og reyndum að leysa þessi mál. Gerðum nokkrar klassískar tilraunir á borð við að skera niður og hætta að nota Visa en ekkert dugði. Þangað til við duttum niður á ákveðna aðferðafræði sem svínvirkar og endaði á því að ég gerði að atvinnu minni að kenna þessa aðferð öðrum,“ segir Ingólfur sem stofnaði í framhaldinu fyrirtækið Spara.is. Og felst aðferðin þá bara í því að spara? „Nei, það er nefnilega svo merkilegt að þetta snýst um að hafa gaman af peningunum sínum. Ef þú hefur það að markmiði hætta þú að skuldsætja þig svona mikið, hætta þú að eyða um efni fram og ferð að byggja upp sparnað og greiðir niður skuldir. Og þetta er hægt að gera allt samtímis.“

Ingólfur segist ánægður með viðtökurnar sem hann hefur fengið. Hann hefur þó ekki staðið fyrir neinum námskeiðum síðasta árið en fljótlega fer hann af stað á ný með námskeið sem verða þá meira sniðin að viðbrögðum við kreppunni.

Ingólfur er sextugur í dag. Hann hefur iðulega haldið upp á afmæli sitt í margmenni en nú mun hann hafa annan háttinn á þar sem hann ætlar til Tenerife. „Ég mun dansa undir sólinni,“ segir hann glaðlega og kann vel við hlýjuna á Tenerife eftir kuldakastið á heimaslóðum. solveig@frettabladid.is



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2010

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum

1) Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun eða með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

Frestur til að senda tilnefningar er til loka fimmtudagsins 28. janúar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ



blað

alla laugardaga

Helgarblaðið:

Minn skóli hlustar á mína eigin sannfæringu.

- Jóhann Jóhannsson tónlistarmaður í helgarviðtali

Afganskir sérfræðingar læra um jafnrétti á Íslandi.

- Fyrstu önn Jafnréttisskóla Háskóla Íslands senn að ljúka

Skrýtnustu fréttir ársins.

- Tíu undarlegustu fréttir ársins 2009



Matur:

Freistandi fiskréttur á indverska vísu.

Kjúklingaspjót á grænmetisbeði.

Þrír góðir heilsudrykkir í ársbyrjun.

Allt sem þú þarft



Að taka Ólaf á þetta

BAKÞANKAR
Bergsteins
Sigurðssonar

Sæll Ólafur, Steinunn hér hjá Ríkisbankanum. Heyrðu, þetta er varðandi lánið. Við fengum tölvupóst frá þér á dögunum þar sem þú kveðst hætta við að borga og ætlir að nýta „málskotsrétt“ þinn. Geturðu skýrt þetta aðeins nánar fyrir mér?“ „Þetta er nú kannski ofmælt hjá þér. Vita-skuld hleypst ég ekki undan skuldbindingum mínum en það er ljóst að það hefur myndast gjá milli mín og bankans í þessu máli og því sé ég ekki aðra leið en að leyfa fólkinu að kjósa um þessa skilmála ykkar.“ „Hvaða fólki?“ „Nú fólkinu á undirskriftalistanum.“ „Undirskriftarlista? Áttu við ábyrgðarmennina sem skrifuðu upp á lánið?“ „Bitamunur en ekki fjár.“



NÚ LIGGUR hins vegar fyrir að bankinn ætlar að gjaldfella lánið ef þú borgar ekki. Hefurðu ihugað hvaða afleiðingar þetta kemur til með að hafa á fjárhagsstöðu þína og ábyrgðarmannanna?“ „Ég er ekki svo mikið að velta mér upp úr hvað geti gerst á þessu stigi málsins, læt öðrum eftir slíkar bollaleggingar. Ég verð samt að segja að viðbrögðin við ákvörðun minni hafa ekki komið mér á óvart. Ég fékk innheimtubréf eins

og ég bjóst við, en tónninn í því var talsvert jákvæðari en ég átti von á. Ég hef líka fundið fyrir meðbyr hjá stuðningsmönnum mínum á undirskriftarlistanum.“ „Ábyrgðarmönnum, Ólafur! Við töluðum nú við suma þeirra, og þeir voru nú ekkert alltof hressir, hvorki þegar þeir áttu sig á hvað þeir höfðu skrifað undir né með þetta nýjasta uppátæki þitt.“ „Þetta er hin lýðræðislega hefð.“

EN BANKINN hefur sent þér nokkur innheimtubréf þar sem tekið er fram að hann mun ekki fallast á þessa fáránlegu skilmála þína. Af hverju ætti hann að gera það núna?“ „Menn hafa nú sagt svo margt í þessu máli öllu, þannig að það er ekkert öruggt í þeim efnum og best að vera ekkert að úttala sig um hvernig það fer.“

PEIR HJÁ innheimtusviði bankans segjast nú hafa staðið í þeirri trú að þið hafið komist að samkomulagi á fundi í síðustu viku.“ „Það var nú ekki efnislegur fundur. Ég átti leið hjá útibúinu um daginn, leit inn til að fá heitt að drekka og kannski brjóstsykur og rakst þá á þessa menn sem þú nefnir. Jú, við röbbuðum eitthvað saman en ég held að það sé óvarlegt að draga einhverjar stórar ályktanir af því.“ „Ólafur, er þér alvara? Þú ert að fara að láta lán falla á ömmu þína.“ „Fólkið hefur talað. Það verður kosið á Facebook eins fljótt og auðið er.“

myndasögur

■ Pondus

Rosalega er nú merkilegt að sjá þig hinumegin barborðsins.



Heimurinn er öfugsnúinn þessa dagana, hann snýst í öfugan hring.



Río Ring-Massi er í einhverjum erfðleikum með hnéð á sér og ég veit ekki hvort hann nær leikum gegn Gillingham.



Þarna komst heimurinn í samt lag aftur.



Eftir Frode Øverli

■ Gelgjan

Pabbi, geturðu lánað mér pening?



Til að?

Kaupa þetta brimbretti.



Því miður, allir mínir peningar eru í snjósléðanum



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

Viltu vinsamlegast skrifa undir þetta plagg hérna, til vonar og vara, ef þeir skyldu nota aðgerðina þína sem myndefni í þáttunum „verstu læknar í heimi“.

■ Barnalán

Hvar er jakkinn þinn?



Ég skildi hann eftir í skólanum.

Farðu þá í rauðu peysuna þína.



Hún er í skólanum líka.



Í raun og veru hafa allar úlpur, jakkar, bolir, stuttermabolir, treflar og húfur sem ég á verið skildar eftir í skólanum.

Hver og ein einasta flik?



Já, konan á skrifstofunni sagði mér að þau væru að velja því fyrir sér að kalla „Tapað/fundið“ eftir mér.

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ALLTAF

BETRA VERÐ



22"
TÖLVU
TILBOÐ
PHILIPS

Ace tölvutilboð AMD 4

- AM3 DualCore Athlon II 250 örgjörvi
- 2GB Dual DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB WD Caviar SE16 SATA II diskur
- 22x Dual Layer DVD og CD skrifari
- 22" Philips 220SW9FB LCD skjár
- 1GB MSI ATI Radeon HD4670 skjákort
- 2.1 Logitech S220 hátalarakerfi
- Windows 7 Premium stýrikerfi
- 7.1 hljóðkort

1 69.990



LASERMÚS

Logitech þráðlaus LX6
Þráðlaus optical mús með 100p upplausn, hlífarskruni og allt að 18 mán. rafhlöðuendingu.

5.990



USB HEYRNARTÓL

Logitech PC960
Heyrnartól með hljóðnema á stillanlegri stöng, hljóðstilli og Mute takka fyrir hljóðnema á snúru, USB ofl.

6.990



OFFICE HOME

Microsoft Office Home and Student 2007
Fullur pakki með Excel 2007, OneNote 2007, PowerPoint 2007 og Word 2007 fyrir þrjár tölvur.

14.990



FJÖLNOTATÆKI

Epson SX110 EPSON
Prentari og skanni. Prentar A4 í 5760 x 1440p og skannar 1200 x 2400. Prentar allt að 30 bls á mín. USB. Windows og Mac.

11.990



HÁTALARAR

Logitech Z320 2.0
10W RMS kerfi með 2 hátölurum. 360° tækni sem gefur góðan hljóm allstaðar.

14.990



UNITED MEDIASPLARI

720P HDMI CARD

United HD MMP 9530
3.5" margmiðlunarsplari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

14.990



1TB

HARDDISK FLAKKARI

WD Elements 1 Terabyte
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

19.990



22"
PHILIPS
LCD LEIKJASKJÁR
MED AMBILIGHT

22 Philips 220X1SW Ambilight
22" LCD breiðskjár með Ambilight bakljósi, 1680 x 1050p upplausn, 3000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 2ms viðbragðstíma, USB, D-Sub, DVI-D ofl.

49.990



Hanvon RAFBÓK

Hanvon N516
Lestu bækur og skjöl í handhægrri raðbók. Raðbókin getur lesið raðbækur, PDF, vefbækur, jpeg og png myndir! Aðeins 165gr, 800 x 600 punkta skjár og les SD minniskort. Nær að sýna allt að 7000 síður á einni hleðslu.

49.990



FARTÖLVA

Toshiba Satellite PRO A300-255
2.16GHz Intel Dual Core T3400 • 4GB DDR2 minni • 250GB SATA diskur • 15.4" WideScreen WXGA skjár • ATI Mobility Radeon HD 3450 PCI-Express skjákort • Þráðlaust netkort • DVD/CD-RW skrifari • Vefmyndavél • Windows 7 Premium

139.990



FARTÖLVA

Acer Aspire 5738G-744G64MN
2.0GHz Intel Core 2 Duo Penryn 7450 örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz • 640GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED Full HD breiðskjár • ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Þráðlaust netkort • DVD±RW CD-RW skrifari • Vefmyndavél • Talnaborð • Windows 7 Home Premium 64-BIT

179.990

TÖLVU LISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

Skítblönk í kreppunni



kl. 20.00

Kvæðamannafélagið lðunn byrjar félagsstarf sitt á nýju ári með fræðslu- og skemmtifundi í kvöld kl. 20 í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Steindór Andersen stýrir fundinum, en rímnalaganefnd sér um dagskrá fundarins að þessu sinni sem verður með áramótasniði. Fundurinn er öllum opin. Nánar á www.rimur.is.

Stuttmynd Brynju Valdísar leikkonu, Einu sinn var... verður endursýnd vegna fjölda áskorana á Skjá einum kl. 19.00 í opinni dagskrá í kvöld.

„Þetta er létt mynd með glöðu yfirbragði,“ segir Brynja. „Hún er litrík og stílfærð bæði í leik og útliti og mikið fyrir augað. Eg hef alltaf haft mjög gaman af myndum Mel Brooks og myndum eins og Airplane og Naked Gun-myndunum og þess gætir í Einu sinni var...“

Myndin fjallar um Regínu Inu (leikin af Arnbjörgu Hlíf Valsdóttir), sem er sak-



UNDIR ÁHRIFUM FRÁ NAKED GUN Stuttmynd Brynju Valdísar er sýnd á Skjá einum í kvöld.

laus sveitastúlka sem ákveður að hefja nýtt líf og flytur í borgina. Hún er skítblönk í kreppunni og leitar athvarfs hjá Guddu frænku sinni. Lífið er enginn dans á rósum en það breytist í borginni þar sem ævintýrin gerast enn. Önnur hlutverk leika meðal annars Benedikt Erlingsson og Laddi.

Einu sinni var... er útskriftarverkefni Brynju Valdísar af leikstjórnar- og framleiðslu-sviði Kvíkmyndaskóla Íslands og Eyrúnar Helgu Guðmundsdóttur af tæknisviði Kvíkmyndaskóla Íslands.

> Ekki missa af ...

Á sunnudaginn kveða trúðarnir Barbara, Úlfar og Bella í leikritinu Jesú litla. Verkið er eftir þau Benedikt Erlingsson – sem leikstýrir – og Berg Þór Ingólfsson, Halldóru Geirharðsdóttur og Kristjönu Stefánsdóttur, sem leika trúðana. Það var frumsýnt í lok nóvember á Litla sviði Borgarleikhússins. Í þessu fallega en hárbeita verki er sagan á bak við guðspjallið sögð á harmrænan en bráðfyndinn hátt sem hefur heillað áhorfendur frá frumsýningu.

menning

menning@frettabladid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Brennuvargarnir (Stóra sviðið)			
Fös 8/1 kl. 20:00	Fim 21/1 kl. 20:00	Fim 28/1 kl. 20:00	
Fös 15/1 kl. 20:00	Fös 22/1 kl. 20:00	Fös 5/2 kl. 20:00	
Sýningum fer fækkandi!			
Oliver! (Stóra sviðið)			
Lau 9/1 kl. 16:00 Aukas.	Lau 16/1 kl. 15:00 Aukas.	Lau 30/1 kl. 15:00	
Lau 9/1 kl. 20:00 7.k	Lau 16/1 kl. 19:00	Lau 30/1 kl. 19:00	
Sun 10/1 kl. 16:00 Aukas.	Lau 23/1 kl. 15:00 Aukas.	Lau 6/2 kl. 15:00	
Sun 10/1 kl. 20:00 8.k	Lau 23/1 kl. 19:00	Lau 6/2 kl. 19:00	
Fim 14/1 kl. 19:00	Fös 29/1 kl. 19:00		
Tryggið ykkur sæti - miðarnir rjúka út!			
Sindri silfuriskur (Kúlan)			
Lau 9/1 kl. 15:00	Sun 17/1 kl. 16:00	Lau 30/1 kl. 15:00	
Sun 10/1 kl. 15:00	Lau 23/1 kl. 15:00	Sun 31/1 kl. 15:00	
Lau 16/1 kl. 15:00	Sun 24/1 kl. 16:00		
Undurfallæg sýning fyrir yngri börnin. Miðaverð aðeins 1500 kr.			
Gerpla (Stóra sviðið)			
Fös 12/2 kl. 20:00 Frms.	Lau 20/2 kl. 20:00 4.k	Fös 5/3 kl. 20:00 7.k	
Lau 13/2 kl. 20:00 2.k	Fös 26/2 kl. 20:00 5.k	Lau 6/3 kl. 20:00 8.k	
Fös 19/2 kl. 20:00 3.k	Lau 27/2 kl. 20:00 6.k		
Miðasala hafin - tryggð ykkur sæti á fyrstu sýningar!			
Fíafól (Kúlan)			
Lau 13/3 kl. 15:00 Frms.	Lau 20/3 kl. 13:00	Sun 21/3 kl. 15:00	
Sun 14/3 kl. 13:00	Lau 20/3 kl. 15:00		
Sun 14/3 kl. 15:00	Sun 21/3 kl. 13:00		
Nú er hægt að kaupa miða á Fíafól!			



TAKA SMÁ SÉNS Munaðarleysingjarnir: Hannes Óli Ágústsson, Stefán B. Vilhelmsson, Tinna Lind Gunnarsdóttir og Vignir Rafn Valþórsson.

Priller í Norræna húsinu

Í kvöld frumsýnir leikhópurinn Munaðarleysingjar nýtt verk eftir Dennis Kelly, eitt ferskasta leikskáld Bretlandseyja. Þessi funheiti þriller verður sýndur í sal Norræna hússins í janúar.

Verkið nefnist Munaðarlaus á íslensku. Leikstjóri sýningarinnar er Vignir Rafn Valþórsson sem jafnframt þýðir verkið. Leikhópurinn samanstendur af ungum leikurum; Hannesi Óla Ágústssyni, Stefáni Benedikt Vilhelmssyni og Tinna Lind Gunnarsdóttur.

„Við Stefán útskrifuðumst í fyrria og ákváðum að kýla bara á þetta þar sem við vorum báðir atvinnulausir, taka bara yfirdrátt og taka smá séns,“ segir Hannes Óli. „Við settumst niður með fullt af handritum sem við fengum send og völdum þetta verk, Munaðar-

laus. Fengum svo Tinna og Vigni með okkur í þetta. Það var smá lægð í atvinnumálum okkar allra. Þegar þannig er, er bara að spýta í lófana og redda sér.“

Hannes segir verkið ekki vera neitt þungmeti. „Það mætti lýsa því sem þriller, en samt með sterkum vísunum í samfélagið. Verkið hefst á því að inn í fínt matarboð dettur ættingi heimilisfólksins, allur útataður í blóði. Hann segist hafa komið að manni sem hefur orðið fyrir líkamsárás. Nú hefst atburðarás sem vindur sífeltil upp á sig. Verkið tekur nýja stefnu á fimm mínútna fresti og endar svo í miklu uppgjöri.“

Þetta er fyrsta verk Dennis Kelly sem sýnt er á Íslandi. „Hann er um fertugt og fór frekar seint í gang, en hefur verið mjög duglegur frá því hann byrjaði,“ segir Hannes. „Það hafa verið sýnd eitt eða tvö verk á ári eftir hann síðan það fyrsta kom árið 2003. Hann hefur hlotið mikið lof og mikið verið leikinn utan Bretlands, í

Evrópu og Ameríku. Hann er til að mynda orðinn mjög þekktur í leikhúsheiminum í Berlín, sem er öðruvísi en þessi textamálaði stofudramaveruleiki í Bretlandi.“

Norræna húsið er óhefðbundinn staður fyrir leiksýningu, en Hannes Óli er mjög ánægður með samstarfið. „Þau tóku okkur mjög vel og sögðust alveg vera til í að vera með fleiri leiksýningar. Þetta ættu að vera góð tíðindi því sjálfstæðu leikhúsin hafa löngum verið á hrakhólum með húsnæði. Salurinn hentar okkar sýningu mjög vel þótt hann sé kannski ekki hefðbundinn.“

Munaðarlaus, Orphans á frummálinu, var frumsýnt á Edinborgarháttinni í fyrrasumar við frábærar undirtektir. Verkið fékk m.a. fimm stjörnur hjá Time Out og mjög góða dóma í öllum helstu fjölmiðlum Bretlands. Aðeins eru fyrirhugaðar átta sýningar á verkinu og má nálgast miða í síma 895-9919 og munadarlaus@gmail.com.

drgunni@frettabladid.is

Karlaróinn Heimir Skagafirði

Upp skalt á kjöl klífa

Tónleikar í Langholtskirkju
Laugardaginn 9. janúar kl. 16:00

Forsala aðgöngumiða í Eymundsson Kringlunni og Austurstræti.

Stjórnandi: Stefán R. Gíslason
Handrit: Agnar H. Gunnarsson
Undirleikur: Thomas R. Higgerson
Lesarar: Agnar H. Gunnarsson og Hannes Örn Blandon
Hljóðmynd: Arnar Halldórsson
Einsöngur: Óskar Pétursson og Ásgeir Eiríksson

Sjá nánar á www.heimir.is

Pops

á nýju ári

föstud. og laugard.

51250 50

Menningarmiðstöð 2010

Föstudagur 8. janúar kl. 20

Kvæðamannafélagið lðunn

Fyrsti fundur ársins verður með áramótasniði. Fundurinn er öllum opin. www.rimur.is

Síðasta sýningarhelgi

- **Svanurinn minn syngur.** Sýning um líf og skáldskap Höllu Eyjólfssdóttur.
- **Í gegnum tíðina.** Sigurbjörg Sigurjónsdóttir sýnir postulín og myndir í Boganum.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16

Sími 575 7700
www.gerduberg.is

Leitað að handritum

Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handritum að skáldsögu fyrir börn og unglina í samkeppni um Íslensku barnabókaverðlaunin.

Samkvæmt upplýsingum frá aðstandendum verðlaunanna á sagan að vera að lágmarki 50 blaðsíður að lengd, ekki er gert ráð fyrir því að bókin sé myndskreytt en skilafrestur er til 1. febrúar. Dómnefnd velur besta handritið en ráðgert er að bókin komi út haustið 2010.

Verðlaunin í keppninni eru 500.000 krónur og höfundarlaun. Handritum skal skila í fjórri til: Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka / Forlagið / Bræðraborgarstíg 7 / 101 Reykjavík. Handrit á að merkja með dulnefni en rétt nafn fylgir með í umslagi.

BARNABÓKAKEPPNI Forlagið og verðlaunasjóður íslenskra barnabóka leita að nýjum barna- og unglingsbókum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Byrjaðu árið í Borgarleikhúsinu

Gjafakort Borgarleikhússins leyndust í fjölmörgum pökkum um jólin. Þau eru ávísun á töfrandi stundir. Láttu gjafakortið þitt strax lifna við.

Tryggðu þér frábæra upplifun í janúar!



Fjölskyldan
★★★★★
Stórbrotin leikhúsvísla.



Söngvaseiður
★★★★★
Vinsælasti söngleikur ársins kveður í lok janúar.



Jesús litli
★★★★★
Sýningin kveður 10. janúar.



Faust
Magnað sjónarspil í vændum. Frumsýnt 15. janúar.



Djúpið
★★★★★
Síðustu sýningar.



Harry og Heimir
Uppselt á yfir 75 sýningar. „Þvílík snilld!“



> KVÆNTUR MAÐUR

Leikarinn **Vince Vaughn** giftist unnustu sinni, fasteignasalanum Kyla Weber, við látlausa athöfn á laugardaginn var. Þetta er í fyrsta sinn sem Vaugh gengur í hið heilaga, en hann átti áður í sambandi við leikkonuna Jennifer Aniston.



fólk
folk@frettabladid.is

Hafnafirsk hjón vilja meiri jákvæðni

„Við hvetjum til jákvæðni, samheldni þingmanna og allrar þjóðarinnar,“ segir Ágúst Guðbjartsson, sem ásamt konu sinni, Agnesi Reynisdóttur, leggur nú sitt á vogarskálur Nýja Íslands með Facebook-síðu, undirskriftasöfnun og blogg síðu á bloggheimar.is/jakvaett – allt í anda jákvæðni og bjartsýni. Þau safna undirskriftum til 26. janúar og ætla að afhenda þær Alþingi þá.

Hjónin eru að sögn Ágúst bara venjulegt fólk í Hafnarfirði sem vill aftur fá virðingu fyrir Alþingi Íslendinga.

Þau tala örugglega fyrir munn flestra. „Við viljum einungis minna alþingismenn á, burt séð hvaða flokki þeir tilheyra, að vera málefnalegir og lausnamiðaðir í umræðum sínum, og gæta þess að festast ekki í neikvæðni og niðurrifi. Þeir eru að kalla hver annan landráðamann og fleira í þeim dír og eru bara engan veginn nógu góð fyrirmynd. Ég held að vondi mórallinn á Alþingi smiti út frá sér. Fólk

VILJA BETRA SAMFÉLAG Ágúst og Agnes hvetja Alþingi til að koma sér upp úr neikvæðinni og niðurrifinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



á nú bara að brosa meira til hvað annars. Það sé ekki fullt af bölmóði. Það er ekki allt að fara til fjandans. Við höfum lent í krísum í gegnum tíðina og alltaf komist í gegnum þær.“

Ágúst var sölumaður í byggingarvörverslun áður en hann missti vinnuna í desember. „Ég neita að leggjast í þunglyndi. Það kemur ekkert út úr því. Fólk hugsar skýrar ef það er jákvætt, en þegar það er reitt. Við hjónin eigum von á fyrsta barninu okkar í næstu viku og viljum bara að drengurinn okkar komi inn í samfélag þar sem gott er að ala börn upp í.“ - drg

Söng fyrir son Gaddafi

Söngkonan Beyoncé hefur verið gagnrýnd fyrir að þiggja um 250 milljónir króna fyrir að koma fram í gamlárspartíi sem Hannibal Gaddafi, sonur Líbíuleiðtogans umdeilda, Muammar Gaddafi, hélt. Partíið var haldið á eyjunni St. Bart í Karíbahafinu og söng Beyoncé í klukkutíma fyrir framan Gaddafi og stjórnugesti á borð við Lindsay Lohan, Usher, og eiginmann sinn Jay-Z.



www.Magadans.is

S.772.2345
Byrjar 11. janúar
magadans
40+
Bollywood
Aíró

TWITTER SÆKIR Í SIG VEÐRIÐ

Þeim Íslendingum sem notfæra sér Twitter-skilaboðavefinn fjölgar með degi hverjum. Almanntengillinn Andrés Jónsson er einn fyrsti Twitter-notandinn hér á landi og spáir miklum uppgangi í íþróttinni.

Andrés giskar á að um þrjú þúsund Twitter-notendur séu hér á landi. Enn sem komið er nota langflestir Íslendingar Facebook en hann telur að Twitter eigi eftir að sækja í sig veðrið. „Það hefur ekki orðið sprenging í Twitter-notkun hér á landi, að hluta til af því að Facebook hefur orðið svo ógurlega vinsælt,“ segir Andrés. „Þeir sem nota Twitter mikið á Íslandi eru tölvuáhugamenn, áhugamenn um þjóðmál, hönnuðir og tónlistarmenn. Það eru ákveðnar stéttir sem nota þetta mjög mikið.“

Erlendir stjórnálmamenn hafa verið duglegir við að nota Twitter til að koma sínum hugleiðingum á framfæri í knöppu sms-formi, þar á meðal Barack Obama, Gordon Brown og Jens Stoltenberg. Íslenskir stjórnálmamenn hafa verið lengur að átta sig og eru fæstir farnir að nota Twitter. Áhuginn virðist þó vera til staðar, enda verða sveitastjórnarkosningar haldnar í vor auk þess einhverjir vilja vafalítið koma skoðunum sínum um Icesave á framfæri þessa dagana. „Það eru nokkrir búnir að stofna reikning. Þeir eru byrjaðir að átta sig á þessu,“ segir Andrés, sem hefur gert töluvert að því að kenna stjórnálmamönnum og fólki úr stjórnsýslunni á Twitt-

TWITTER-FÓLK

Andrés Magnússon er einn af helstu Twitter-notendum Íslands. Jónsi í Sigur Rós er á meðal nýrra notenda ásamt Loga Geirssyni, Hafðísi Huld, Einari Erni og Barack Obama.



er. „Sumir hafa sagt að í fyrsta sinn sem ráðherra setur skúbb á Twitter þá muni allir blaðamenn vera komnir á Twitter daginn eftir. Þannig gerist sprengingin með stjórnálmamennina.“

Andrés lýsir Twitter sem þróaðri útgáfu af MSN þar sem menn eru sínir eigin herrar. „Twitter er eins og gagnlegt MSN. Þótt MSN geti verið gaman er það tímaþjófur og truflandi í vinnunni en með

Twitter kemur maður upplýsingum beint til þeirra sem hafa áhuga á að fá þau,“ segir hann og bætir við að Twitter hafi vaxið mun hraðar en Facebook og Myspace á sínum tíma og framtíðin sé því björt.

Á meðal nýrra íslenskra Twitter-notenda eru Jónsi í Sigur Rós, handboltakappinn Logi Geirsson og Mugison. Aðrir sem notfæra sér þjónustuna eru ritstjórinn

fyrirverandi Jónas Kristjánsson, söngkonurnar Hafðís Huld og Elíza Newman, poppararnir Ólafur Arnalds og Einar Örn Benediktsson og hagfræðingurinn Jón Steinsson. Hljómsveitirnar Dikta og Ourlives eru einnig á meðal notenda. Feta þessir „Twtittarar“ í fótpor þekktra erlendra stjarna á borð við Jim Carrey, Ben Stiller, Matt Lucas, Lily Allen og John Cleese.

freyr@frettabladid.is

Útsalan er hafin

Heimspækt vörumerki eins og Sonia Rykiel, Bonpoint, Isabel Marant, Orla Kiely og fleiri...



KISAN

CONCEPT STORE
Laugavegi 7 101 Reykjavík
Sími 561 6262 www.kisan.is

Opnunartími:
mán - lau 11:00 - 18:00

Perry trúlofuð Brand



ÁSTFANGINN MAÐUR Russell Brand hefur beðið Katy Perry um að giftast sér.

Grínistinn Russell Brand og söngkonan Katy Perry hafa staðfest orðróm um trúlofun þeirra. Þarið byrjaði saman í september og töldu flestir að sambandið myndi ekki endast nema í nokkrar vikur þar sem Brand er þekktur kvenna- maður. Brand bauð Perry til Indlands yfir hátíðarnar þar sem þau skoðuðu meðal annars Taj Mahal. Tímaritið The Sun flutti fyrst allra fréttirnar af trúlofuninni og stuttu síðar staðfesti Brand orðróminn.

Ross hættir á BBC

Spjallþáttastjórnandinn Jonathan Ross ætlar að hætta hjá BBC eftir þrettán ára starf. Samningur hans við BBC rennur út í júlí og hefur hann ákveðið að endurnýja hann ekki. Hann segir að peningar hafi ekkert að gera með ákvörðun sína.

Auk þess að stjórna vinsælum kvöldþætti á föstudögum, stjórnar hann útvarps- og kvikmyndabætti. „Hjá BBC hef ég unnið með yndislegu og hæfileikaríku fólki og tekið viðtöl við margar af stærstu stjórnnum heimsins. Ég vil þakka BBC fyrir þessu reynslu.“



JONATHAN ROSS Spjallþáttastjórnandinn vinsæli hættir hjá BBC í júlí.



VALGEIR SIGURÐSSON Plata með tónlist Valgeirs við Draumalandið er nýkomin út.

Tónlistin við Draumaland

Plata með tónlistinni við heimildarmyndina Draumalandið er nýkomin út á vegum útgáfunnar Bedroom Community. Tónlistin er eftir Valgeir Sigurðsson, sem síðast gaf út sólóplötuna Ekvilibrium árið 2007. Hér teflir hann saman kammersveit, hörpu, slagverki, píanói og torkennilegri rafsúðu sem mynda blæbrigðaríka og sérstæða heild. Félagar Valgeirs í Bedroom Community, Nico Muhly, Sam Amidon og Ben Frost, koma allir við sögu á plötunni. Frost leggur til elektróník, Muhly útsetur og stjórnar hljómsveit og Amidon syngur Grýlukvæði á íslensku. Víóluleikarinn Nadia Sirota kemur einnig við sögu á plötunni ásamt fjölda annarra hljóðfæraleikara.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 8. janúar 2010

→ Opnanir

17.00 í Bryggjusal Edinborgarhússins við Aðalstræti á Ísafirði opnar sam-sýning sex listamanna. Anton Vilhelm Ásgeirsson, Baldvin Einarsson, Bergur Thomas Andersson, Gunnar Jónsson, Sigurður Atli Sigurðsson og Sindri Snær Sveinbjargar Leifsson. **Opið til 14. janúar kl. 16-18.**

→ Sýningar

Sæþór Örn Ásmundsson sýnir Portrait myndir á Mokka við Skólavörðustíg 3a. Opið alla daga kl. 9-18.30.

Í **Íslenskri grafík** við Tryggvagötu 17 (hafnarmegin) stendur yfir sögusýning sem varpar ljósi á sögu grafíklistar á Íslandi í máli og myndum. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

→ Síðustu forvöð

Í Menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** (Gerðuberg 3-5) lýkur tveimur sýningum á sunnudag. Það er annars vegar sýning um líf og skáldskap Höllu Eyjólfsdóttur en einnig lýkur sýningu Sigurbjargar Sigurjónsdóttur í Boganum. **Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-16.**

→ Dansleikir

Kong Fú verða á **Players** við Bæjarlind í Kópavogi.

→ Fyrirlestrar

12.00 Ingjaldr Hannibalsson flytur erindið „Efnahagsþróunin í Kína og viðskipti Kína við Íslands“ á Háskólatorgi HÍ við Sæmundargötu 4 (st. 103).



Útsala

10-50%

afsláttur

Mikið af sértiðboðum!

Ath. aðeins í nokkra daga!

Komdu og gerðu frábær kaup!

Kíktu á netverslunina www.orninngolf.is

ÖRNINN

GOLFVERSLUN

HÚSGAGNAHÖLLINNI Sími: 577 2525

NY TILBOÐ

2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

JANÚÁR TILBOÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NYJUM TILBOÐUM

TOLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

NÝTT Í BÍÓ!

STÆRSTA MYND ÁRSINS 2009!

65.000 GESTIR Á AÐEINS 17 DÖGUM!

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

DYHAT MORGANS	kl. 5:40 - 8 - 9:10 - 10:20 - 11:30	12	MAMMA GÓGÓ	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
DYHAT MORGANS LÚXUS	kl. 5:40 - 8	12	ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 3:40 - 5:50	L
MAMMA GÓGÓ	kl. 4 - 6 - 8	L	AVATAR 3D	kl. 4:30 - 8 - 11:15	10
AVATAR 3D	kl. 4:40 - 8 - 10:20 - 11:15	10	AVATAR 2D	kl. 4:40 - 8 - 11:15	10
AVATAR 2D LÚXUS	kl. 10:20	10	WHATEVER WORKS	kl. 8	7
ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 3:40 - 5:50	L	A SERIOUS MAN	kl. 10:10	12

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

MAMMA GÓGÓ	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 3:40 - 5:50	L
AVATAR 3D	kl. 4:30 - 8 - 11:15	10
AVATAR 2D	kl. 4:40 - 8 - 11:15	10
WHATEVER WORKS	kl. 8	7
A SERIOUS MAN	kl. 10:10	12

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

DYHAT MORGANS	kl. 8 - 10	12
MAMMA GÓGÓ	kl. 6	L
ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 6	L
AVATAR 2D	kl. 10	10

REGNBÖGINN Sími 551 9000

THE ROAD	kl. 5:30 - 8 - 10:20	14
TAKING WOODSTOCK	kl. 8 - 10:30	L
ALVIN & IKORNARNIR 2	kl. 6 íslenskt töl	L
ALVIN & THE CHIPMUNKS 2	kl. 6 - 8 - 10 íslenskt töl	10
JULIE & JULIA	kl. 5:30 - 8 - 10:35	L

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ

Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

DID YOU HEAR ABOUT THE MORGANS?	kl. 8 og 10:10	L
MAMMA GÓ GÓ	kl. 4, 6, 8 og 10	10
ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 4	L
AVATAR 3D	kl. 4, 6 og 9	10

VERTU ÞÍN EIGIN HETJA

YFIR 45.000 GESTIR Á 11 DÖGUM!

ALFABAKKA

WHIP IT	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
BJARNFRÉÐARSON	kl. 4 - 5:40 - 6:20 - 8 - 9 - 10:20	L
BJARNFRÉÐARSON	kl. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
PRINSESSAN OG FROSKURINN	Ísl. Tali kl. 3:40 - 5:50	L
OLD DOGS	kl. 6 - 8	L
SORORITY ROW	kl. 10:20	16
NINJA ASSASSIN	kl. 10:30	16
TWILIGHT 2 NEW MOON	kl. 8	12
A CHRISTMAS CAROL	Ísl. Tali kl. 4	L

KRINGLUNNI

BJARNFRÉÐARSON	kl. 3:50 - 5:40 - 8 - 10:10 - 10:20	L
WHIP IT	kl. 8 - 10:20	10
PRINSESSAN OG FROSKURINN	Ísl. Tali kl. 3:40 - 5:40	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN	Ísl. Tali kl. 6	L

AKUREYRI

BJARNFRÉÐARSON	kl. 5:45 - 8 - 10:20	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN	kl. 6	L
SORORITY ROW	kl. 8 - 10:20	16

JÁ NÚ GETUR ÞÚ FENGIS SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

Með fálkaorðuna í beinni

Sjónvarpskonurnar vinsælu, Eva María Jónsdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, verða kynnar í undankeppni Eurovision-sönglagakeppninnar í ár líkt og í fyrra.

Eva María og Ragnhildur Steinunn hófu undirbúning fyrir útsendinguna stuttu fyrir jól en segja tónlistina vera í aðalhlutverki í þáttunum. „Við trúum því og treystum að þessi lög séu það skemmtileg að þau verði lífið og sálin í þættinum, við þurfum því ekki að hafa of mikið fyrir því að finna upp á einhverju skemmtilegu sjálfar. Við fáum þó gest til okkar í hverjum þætti og með honum einn leynigast,“ útskýrir Eva María og segir fyrsta gestinn vera Jóhönnu Guðrúnu, sigurvegara söngkeppninnar frá í fyrra. Þegar þær eru inntar eftir því hvort þær muni klæða sig í stíl líkt og í fyrra segja þær það enn óákveðið. „Þetta snerist svoltið í höndunum á okkur í fyrra. Við vildum ekki vera með búninga-„show“ en svo fengu fötin samt alltof mikla athygli. Ragnhildur Steinunn var að hugsa um að vera með fálkaorðu, sem hún hefur líklega fundið í einhverju morgunkorni og ég ætla að reyna að finna eina líka, en við erum ekki búnar að ákveða í hvaða fötum við verðum,“ segir Eva María hlæjandi og Ragnhildur Steinunn bætir við: „Það var sérstaklega gaman í fyrra þegar við áttum að velja föt því við enduðum einhvern veginn alltaf á því að kaupa nærföt, sem skilaði sér kannski ekki beint



EIGA MARGT SAMEIGINLEGT Eva María Jónsdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir dagskrárgerðarkonur komust að því að þær eru báðar í nautsmerkinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í prógrammið en okkur leið mjög vel í þeim.“

Stúlkurnar segja samstarfið ganga vel enda eigi þær ýmislegt sameiginlegt. „Við erum alltaf að komast að því að við eigum meira og meira sameiginlegt. Við erum báðar Jónsdætur og erum báðar naut. Ég tjeikkaði meira að segja á því í Íslendingabók hvort við værum skyldar, en við erum það nú ekki,“ segir Eva María.

Báðar hlakka þær mikið til undankeppninnar og segja alltaf gaman að vera í beinni útsendingu því stemingin í sjónvarpssalnum sé oftast líflæg og góð. „Það eina leiðinlega við að vera kynnrir er að maður má hvorki halda með lagi né kjósa, við neyðumst til að vera algjörlega hlutlausar í þeim málum. En við kjósum bara um Icesave í staðinn,“ segir Eva María og hlær.

sara@frettabladid.is

Teddi og Elvis 75 ára í dag

„Hann drakk mikið og át mikið af lyfjum en ég hætti fyrir 25 árum. Þess vegna lifi ég og hann er dauður,“ segir listamaðurinn Teddi, eða Magnús Th. Magnússon.

Hann á 75 ára afmæli í dag, rétt eins og rokkkóngurinn Elvis Presley, hefði hann lifað. Milljónir Elvis-aðdáenda ætla að fagna afmælinu víða um heim, þar á meðal í heimaborg hans Memphis. Hér heima heldur Teddi sína eigin afmælisveislu á vinnustofu sinni í Arnarholti á Kjalarnesi á morgun þar sem íbúðurinn verður líklega heldur minni. Kökur, rauðvín og kaffi verður í boði fyrir fólk sem vill kíkja í heimsókn og þrátt fyrir tengslin við hinn fallna rokkkóng býst Teddi ekki við því að slagarar með Elvis verði á föninum. „Nei, ég er ekkert ógurega mikið fyrir hann. Ég var það þegar ég var töffari en ég er orðinn gamall maður núna,“ segir hann og hlær. „En hann var svona viðmið þegar ég var að ná áttum.“

Teddi hefur verið duglegur við að selja timburskúlpúra sína í gegnum árin en annað hvert ár heldur hann sýningu í Perlnu við góðar undirtektir. Hann segist eiga nóg af timbri á vinnustofu sinni. „Ég á timbur út þessa jarðvist og hálfu þá næstu. Margir sem renna og búa til hitt og þetta koma til mín og fá alltaf gefins helling af þessu. Ég á alltof mikið af timbri.“



TEDDI Listamaðurinn Teddi, eða Magnús Th. Magnússon, á sama afmælisdag og rokkkóngurinn Elvis Presley.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann segir að verk sín hafi lækkað í verði vegna efnahagsástandsins. „Núna eru breyttir tímar og það er mikil harka í þessu. Margir listamenn lífa svo stórt á sig að þeir festast í þessu. Jafnvel í dag þá breyta þeir ekki neitt og selja ekki neitt heldur,“ segir afmælisbarnið.

- fb

Aukin ökuréttindi á gamla verðinu!

Ný námskeið að hefjast sem við getum enn boðið á gamla verðinu. Ekki missa af þessu tækifæri!

Næsta námskeið hefst 14. janúar

Skráðu þig núna í síma 892 6570

Bjóðum bæði upp á dag- og kvöldnámskeið.

Verð á námskeiði fyrir vörubifreið og eftirvagn er 247.000 kr.

Athugið að verkalýðsfélög greiða allt að 100.000 kr. af námskeiði og Vinnumálastofnum greiðir allt að 70.000 kr. af námskeiði. Kynnið ykkur málið.

Skráning í sínum 892 6570 og 892 6571



Söluhæstur á áratugnum



EMINEM Rapparin Eminem var söluhæsti tónlistarmaður síðasta áratugar í Bandaríkjunum.

Rapparin Eminem var söluhæsti tónlistarmaður síðasta áratugar í Bandaríkjunum með rúmlega 32 milljón eintaka plötusölu. Í öðru sæti lentu Bítlarnir með rúmar þrjátíu milljónir. Þeir eiga aftur á móti söluhæstu plötu áratugarins, eða safnplötuna 1, sem seldist í rúmum ellefu milljónum eintaka. Eminem á tvær plötur á topp fimm, eða The Marshall Mathers LP sem seldist í rúmum tíu milljónum eintaka og The Eminem Show sem seldist aðeins minna. Í þriðja og fjórða sæti yfir söluhæstu tónlistarmennina voru sveitasöngvararnir Tim McGraw og Toby Keith. Popp-prinsessan Britney Spears náði fimmta sætinu.

Með gott hjarta

Írski leikarinn Colin Farrell heimsótti langveik börn á sjúkrahúsi í heimalandi sínu fyrir jólin. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Farrell gerir slíkt, því hann hefur verið reglulegur gestur á sjúkrahúsinu Our Lady's Hospital í Crumlin undanfarin ár. Farrell er einnig ótull talsmaður fyrir bættum hagsmunum fatlaðra víða um heim og hefur verið það síðan ungur sonur hans, James, var greindur með Angelman Syndrome.

Starfsmaður á sjúkrahúsinu í Crumlin segir börnin mjög hænd að Farrell og eyðir hann dagóðum tíma með þeim í hvert sinn sem hann heimsækir spítalann. „Hann kom með tölvuleiki handa börnunum og lék við þau. Hann

er mjög einlægur og er vinsæll bæði meðal barnanna og starfsmanna sjúkrahússins,“ var haft eftir starfsmanninum.

Colin er kannski ekki þekktur fyrir slíka hegðun en hann var tíður gestur á forsíðum slúðurblaðanna vegna drykkjuláta og sambands síns við fjölmargar frægar konur. Hann virðist hins vegar hafa tekið sig allmikið á eftir að hann varð pabbi og hefur raunar lýst því yfir að sonur hans hafi breytt sínum lífsviðhorfum og lífstíl.

GÓÐHJARTAÐUR Colin Farrell heimsótti langveik börn um jólin.



COURTNEY LOVE Ekkja Kurts Cobain úr Nirvana er á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu.

Love notar Hole-nafnið

Rokkekkjan Courtney Love ætlar í tónleikaferð um Evrópu undir merkjum hljómsveitarinnar Hole, þrátt fyrir að enginn af núverandi hljóðfæraleikunum hennar hafi nokkru sinni verið í sveitinni. Fyrrum gítarleikari Hole, Eric Erlandson, hefur áður talað um að Love hafi ekki leyfi til að nota nafnið án þess að hann komi við sögu. Love lætur það ekki aftra sér og ætlar greinilega að nota Hole-nafnið til að kynna sína nýjustu sólóplötu, Nobody's Daughter, sem átti upphaflega að koma út árið 2007.



ELDAR ÁSTÞÓRSSON Eldar Ástþórsson hjá tónlistarsjóðnum Kraumi heldur erindi á fræðslukvöldi Útón.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Útón heldur fræðslukvöld

Fyrsta fræðslukvöld Útón á árinu verður haldið á þriðjudagskvöld í Norræna húsinu. Farið verður yfir alla helstu sjóði er standa tónlistarfólki til boða og hvernig þeir starfa. Fulltrúar nokkurra sjóða, bæði úr einkageiranum og hinum opinbera, halda erindi og fjalla um hvernig starfi þeirra er háttað. Þeirra á meðal eru Þuríður Kristjánsdóttir frá Norræna menningarsjóðnum, Rósa Þorsteinsdóttir frá Menningarátletun Evrópusambandsins og Eldar Ástþórsson frá tónlistarsjóðnum Kraumi. Hægt er að skrá sig á námskeiðið hjá kamilla@icelandmusic.is eða í síma 511 4000.

ÁRSKORT NÝTT!

ÓTAKMARKAÐUR AÐGANGUR

Gleðilegt nýtt DansÁr! Við byrjum 11. janúar - vertu með frá byrjun í glimrandi DansFormi fullt af nýjungum! Kennslan fer fram í glæsilegri aðstöðu í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal, 2.hæð. Danskennarar eru þaulreyndir dansarar, danshöfundar og kennarar sem margir hverjir hafa unnið til fjölda Íslandsmeistartitla í sinni grein! **Glæsileg sýning í lokin!**

Nanna

Únda

Júli

Tanja

Jóhanna Jónas

ÁRSKORT – 39.900 kr.! Aðgangur ÓTAKMARKAÐUR!
Sannkölluð DansGleði!

Heimsókn frá virtum, erlendum danskennurum!
"Sabra Johnson vinningshafi So You Think You Can Dance 2007 með ungum aðdáanda á Dansfestivali skólans. Sabra býrjaði sjálf að æfa kornung"

Jazzfunk | Street style - sérstakir strákahópar | Hip Hop |
ModernFunk | Freestyle | Barnadansar |
High School Musical | Magadans |
Söngleikjadans | Samkvæmisdansar |

3-4, 5-6, 7-9, 10-12, 13-15, 16-19, 20-24, 25-35 og 35 ára og eldri

Vandaðir, sjóðheitar tímar við nýjustu danstónlistina. Námskeiðin eru fyrir ALLA. Allt það heitasta frá New York London og Los Angeles!

SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

dancecenter.is

Nánari upplýsingar fást á dancecenter.is og facebookgrúbbu DanceCenter Reykjavík. Einnig er hægt að senda tölvupóst á info@dancecenter.is eða hringja í síma 861 5658.

DANSLIÐ

So You Think You Can Dance? kemur sérstaklega á vegum:

DANCE CENTER REYKJAVÍK

www.dancecenter.is

> Ragnar inn í EM-hópinn

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi í gær Ragnar Óskarsson í íslenska landsliðshópinn sem undirbýr sig nú fyrir EM í Austurríki. Logi Geirsson er meiddur og því var ákveðið að kalla á Ragnar sem spilar með Dunkerque í Frakklandi. Þórir Ólafsson hefur átt við meiðsli í kálfa að stríða og þess vegna hafði Rúnar Kárasón verið kallaður inn í hópinn í upphafi vikunnar. Guðmundur hefur einnig valið 16 leikmenn í ferð til Þýskalands en þjóðirnar mætast í tveimur æfingalandsleikjum um helgina. Logi Geirsson og Þórir Ólafsson, sem eru meiddir, sitja eftir heima sem og Rúnar Kárasón.



sport
sport@frettabladid.is

GUÐMANN ÞÓRISSESSON: SAMDI VIÐ NYBERGSUND Í NOREGI TIL TVEGGJA ÁRA

Ekki erfið ákvörðun að yfirgefa Ísland

Guðmann Þórisson skrifaði í fyrradag undir tveggja ára samning við norska B-deildarfélagið Nybergsund. Hann er uppalinn í Breiðabliki en samningur hans við félagið rann út núna um áramótin. Honum var því frjálst að ganga til liðs við hvaða félag sem er.

„Þetta leggst afar vel í mig. Það var kominn tími á að prófa eitthvað nýtt og ég lit á þetta sem frábært tækifæri til að spreyta mig í Noregi. Ég vona bara að það muni ganga vel,“ segir Guðmann.

Og honum list vel á nýja félagið. „Þjálfaranum leist vel á mig og strákarnir í liðinu eru frábærir. Liðið er ungt og ætlað sér í toppþáttana í deildinni og helst að reyna að komast upp í úrvalsdeildina.“ Guðmann hefur bæði spilað sem miðvörður og bakvörður en á von á að hann muni fyrst og fremst spila í hjarta varnarinnar. „Það eru bakverðir hjá liðinu sem þjálfarinn ætla að nota enda finnst mér skemmtilegra að spila sem miðvörður – það er mín staða.“

Hann segir að það hafi vissulega verið erfið ákvörðun að yfirgefa Breiðablik. „Þetta er félagið

sem ég hef verið í síðan ég var sex ára. Óli [Ólafur Kristjánsson] er frábær þjálfari og leikmennirnir vinir mínir rétt eins og margir stuðningsmenn. Það var þó ekki erfið ákvörðun að yfirgefa Ísland á þessum tímavarki enda ekki margt sem heldur í mann þar,“ segir Guðmann sem neitaði því ekki að það verði fint að fá borgað í norsku krónum.

Nybergsund varð í níunda sæti norsku B-deildarinnar en þá lék Viktor Bjarki Arnarsson með því. Hann er þó farinn frá félaginu. En Guðmann á von á því að deildin sé sterkari en efsta deild á Íslandi, ef eitthvað er.

„Ég veit þó ekki mikið um deildina hér úti en hef tekið eftir því að hraðinn er meiri. Ég á því von á að ég muni þurfa að undirbúa mig vel,“ segir hann og ætlað ekki að velja sér of mikið upp úr framtíðinni.

„Núna er ég fyrst og fremst að hugsa um að standa mig vel hjá þessu félagi. Ef eitthvað annað og meira gerist í framtíðinni mun það bara koma í ljós.“



KÁRI Er kallaður Arnie. MYND/OLE NIELSEN

Kári Arnason framlengi:

Fær mikið hrós frá þjálfaranum

FÓTBOLTI Kári Arnason hefur framlengt samning sinn við enska b-deildarliðið Plymouth Argyle um tvö ár og gildir nýju samningurinn hans til sumarsins 2012. Kári hefur slegið í gegn í nýrri stöðu sem miðvörður.

„Ég er mjög ánægður og þetta er góður dagur fyrir félagið,“ sagði Paul Mariner, stjóri Plymouth Argyle, eftir að Kári Arnason skrifaði undir í gær. „Arnie er búinn að vera í aðalhlutverki í uppgangi liðsins. Hann hefur tekið að sér leiðtoga hlutverk í liðinu og hefur lagast fljótt að nýrri stöðu,“ sagði Mariner.

„Arnie er algjör draumaleikmaður. Hann getur ekki beðið eftir því að komast á æfingu, tekur vel eftir öllu sem er í gangi og er staðráðinn í að verða enn betri,“ segir Mariner og sparaði ekki hrósið á Kára á heimasíðu félagsins í gær.

- 66j



TWITTER-SÍÐAN BANABITINN Nick Bradford var rekinn frá Finnlandi fyrir ummæli um liðsfélaga sína á Twitter-síðu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nick Bradford er laus:

Ekki á leiðinni til Grindavíkur

KÖRFUBOLTI Nick Bradford var rekinn frá finnska liðinu Kataja á dögunum og það eru miklar líkur á því að hann semji við íslenskt lið. Bradford fer þó ekki til Grindavíkur þar sem hann gerði svo góða hluti í fyrravetur.

„Hann gerði frábæra hluti fyrir okkur en ég er búinn að skrifa undir samning við Darrell Flake og ég er mjög ánægður með hann,“ segir Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur.

„Bradford er frábær leikmaður og undir höfnum öðrum kringumstæðum hefði ég reynt að svífa á hann en ég er kátur með Flake. Hann er búinn að vera þrusuduglegur og var hér sem dæmi um öll jóln til þess að koma sér í betra form. Ég er mjög sáttur með hans hugarfar og hann sem leikmann,“ segir Friðrik en hann býst við að sjá Bradford í íslensku liði á þessu tímabili. „Þeir sem fá hann eru heppnir. Þetta er algjört topp-eintak,“ sagði Friðrik.

- 66j

Purfum að halda áfram á sömu braut

Pau Justin Shouse, Stjörninni, og Margrét Kara Sturludóttir, KR, voru í gær útnefnd bestu leikmenn fyrri hluta tímabilsins í Iceland Express-deildum karla og kvenna. Bæði þessi lið trónna á toppi sinna deilda.

KÖRFUBOLTI Í gær var tilkynnt um úrvalslíð og bestu leikmenn fyrri hluta tímabilsins í Iceland Express-deildum karla og kvenna. Þau sem þóttu skara fram úr voru þau Margrét Kara Sturludóttir, leikmaður KR, og Bandaríkjamadurinn Justin Shouse hjá Stjörninni.

Shouse hefur lengi verið á Íslandi og er því öllum hnútum kunnugur í íslenska körfuboltanum. Hann hefur farið fyrir sínum mönnum í Stjörninni sem átti frábæru gengi að fagna á síðasta ári.

„Við urðum bikarmeistarar og lukum frábæru ári á toppi deildarinnar,“ sagði Justin við Fréttablaðið í gær. „En við gerum okkur fulla grein fyrir því að við erum ekki komnir á þann stall sem við viljum vera á. Það er vissulega frábært að vera í efsta sæti deildarinnar um jóln en það hefur ekkert að segja ef við fylgjum því svo ekki eftir á nýju ári. Við þurfum að halda áfram á sömu braut og vonandi skilar það áfram góðum úrslitum.“

Justin á von á því að áhugamenn um körfubolta reikni ef til vill frekar með því að sögufræg lið á borð við Suðurnesjalliðin og KR muni síga fram úr Stjörninni á síðari hluta tímabilsins.

„Ég er viss um að margir eigi von á að það gerist. Það eru önnur lið í deildinni sem öll hafa unnið marga titla en við erum hins vegar með tiltölulega nýtt lið. Ég held þó að síðasta ár hafi gert mikið fyrir okkur hvað reynsluna varðar. Það eru leikmenn í liðinu sem hafa unnið titla og spilað til úrslita um

Íslandsmeistararitilinn. Við vitum því vel hvað við þurfum að gera til að ná árangri.“

Margrét Kara viðurkendi að það hefði komið henni á óvart að hún var valin besti leikmaður deildarinnar á þessu sinni. „Ég bjóst sterklega við því að Heather Ezell í Haukum yrði valin enda hefur hún sýnt að þarna fer frábær leikmaður í alla staði,“ sagði Margrét Kara sem segir að hún hafi æft vel á undirbúningstímabilinu.

„Ég hef líka breytt hugarfarinu mínu og kannski að ég sé að uppskera eftir það. En þetta snýst fyrst og fremst um að leggja mikið á sig og að gera sitt besta hverju sinni. Stundum gengur það upp.“

Hún hrósaði einnig Benedikt Guðmundssyni, þjálfara KR, sem tók við liðinu fyrir tímabilið.

„Hann hefur aðeins breytt leikskipulaginu okkar þó svo að við leggjum enn mikla áherslu á varn-



ÚRVALSLIÐ KVENNA Heather Ezell, Bryndis Guðmundsdóttir, Sigrún Ámundadóttir, Margrét Kara Sturludóttir og Signý Hermannsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SÁ BESTI Stjörnnumadurinn Justin Shouse á fullri ferð í leik liðsins í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

arleikinn sem er okkar sterkasti þáttur. En hann er flottur þjálfari sem leikmenn bera virðingu fyrir. Maður vill því alltaf gera sitt besta fyrir hann.“

KR er enn taplaust á toppi deildarinnar en það eina sem varpar skugga á tímabilið er að liðið tapaði fyrir

Njarðvík í 16 liða úrslitum bikarkeppninnar.

„Það var afar svekkjandi að tapa í bikarnum og sá leikur sló okkur út af laginu. En ég held að það hafi einnig verið hollt að fá smá spark í rassinn sem og að fá það frí sem var í deildinni. Nú erum við hungraðar aftur.“

Hún segir að KR-ingar eigi þó enn eftir að toppa. „Við erum vissulega búnar að spila mjög vel en eigum kannski eftir að ná algerum topp-leik bæði í vörn og sókn. Við höfum haft efni á því að hika í sókninni því varnarleikurinn hefur verið það sterkur. En við erum enn að bíða eftir þessum 100 prósent leik.“

Margrét Kara gekk í raðir KR fyrir ári síðan og sér ekki eftir því í dag. „Mér líður mjög vel í KR og þar verð ég áfram.“ eirikur@frettabladid.is

KR-ingar sömdu um uppeldisbætur við Heerenveen fyrir Ingólfur Sigurðsson:

Tóku Icesave-samning á þetta

FÓTBOLTI KR-ingar gátu í gær loksins gengið frá nýjum samningi við hinn stórefnilega Ingólfur Sigurðsson en þessi 17 ára strákur vakti mikla athygli á síðasta ári, fyrst fyrir snildartakta í auglýsingu á vegum Intersport og svo fyrir að skora í 3-0 sigri á ÍBV aðeins fimm mínúturnar eftir að hann kom inn á sem varamaður í sínum fyrsta leik í efstu deild.

Hollenska liðið Heerenveen átti rétt á uppeldisbótum fyrir Ingólf. „Við gengum frá nýjum samningi við Ingólfur í desember og höfum verið í viðræðum við Hollendingana síðan þá og fá lausn á þessu máli. Það gekk loksins upp í dag þannig að samningur Ingólfs fer inn í KSÍ á morgun og hann verður samningsbundinn okkur í þrjú ár í viðbót,“ sagði Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR.

„Þetta hefur verið dálítið langt ferli og tekið alveg nokkra mánuði. Ég er mjög sáttur við að þetta sé loksins komið. Þeir þurftu eitthvað að semja við Heerenveen af því að ég var hjá þeim í eitt ár,“ sagði Ingólfur í gær.



Í KR TIL 2012 Ingólfur Sigurðsson gekk frá samningi við KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við erum búnir að vera í samningaviðræðum við Heerenveen um að fá að greiða þessar uppeldisbætur bara síðar ef Ingólfur fer erlendis einhvern tímam. Upp-

eldisbæturnar eru orðnar það háar á milli landa og þá sérstaklega svona stórir þjód eins og Hollandi. Við tókum Icesave-samning á þetta,“ sagði Rúnar hlæjandi en hann er mjög kátur með að Ingólfur verði áfram hjá KR. „Við erum gríðarlega ánægðir með að festa drenginn í KR,“ sagði Rúnar en Ingólfur var í Val áður en hann fór út til Heerenveen.

Rúnar sér mikið efni í stráknum. „Hann er gríðarlega efnilegur og hefur mikið fram að færa. Ef hann heldur rétt á spöðunum, hugsar vel um sig, æfir vel og proskast sem leikmaður þá getur hann náð langt,“ sagði Rúnar.

„Síðasta sumar var ég mest megnis á bekknum og kom lítið við sögu. Ég vil gera betur næsta sumar, fá stærra hlutverk í liðinu og standa mig betur. Það er mjög góður leikmannahópur hjá KR og það eru bara virkilega góðir leikmenn sem komast í byrjunarliðið þarna,“ segir Ingólfur sem býst við að spila mest sem kantmaður. „Ég ætla bara að reyna að standa mig vel og vona að KR vinni titla,“ sagði Ingólfur að lokum.

- 66j



FRÁBÆR HIJ Á ARSENAL Patrick Vieira ætlað að spila á HM í sumar. MYND/AFP

Patrick Vieira til Man. City: Sá fyrsti í húsi hjá Mancini

FÓTBOLTI Patrick Vieira staðfesti í gær að hann myndi fara til enska úrvalsdeildarliðsins Manchester City. „Ég hef sett mér það markmið að spila á HM. Það er mikilvægt fyrir mig að fara til City og sýna þjálfaranum Roberto Mancini að ég er sami leikmaður og spilaði fyrir hann hjá Inter,“ sagði Vieira sem lék sinn síðasta leik fyrir Inter í fyrravöld. „Hann var frábær í síðasta leiknum fyrir okkur,“ sagði José Mourinho, þjálfari Inter.

Vieira er mikill sigurvegari en hann vann þrjú meistararitla og fjóra bikarmeistararitla með Arsenal og varð fjórur sínum ítalskur meistari.

- 66j

ÚTSALA!

Rýmum til fyrir nýjum vörum!

DAEMI

HUMMEL fótoltasett
æfingasett barna
Áður 4.990.- nú 2.990.-



Körfuboltafatnaður

30-40%
afsláttur

Fótoltaskór
Handboltaskór
Fótoltaskór



30%
afsláttur

Jói útherji

síðan 1999

Ármúla 36 - 108 Reykjavík - s. 588 1560 - www.joiutherji.is

> Hilary Duff

„Þegar ég sé fólk með sólgleraugu, velti ég ósjálfrátt fyrir mér hver geti leynst á bak við þau. Ég set því aldrei upp sólgleraugu þegar ég vil fara huldu höfði.“

Duff fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Tildurrófur sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 21.15.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ELSKAR BRESKAR FRÉTTIR

Þar sem virðing er ekki lykilorð

Breskir fjölmiðlar eru sérstakir. Þeir hafa þróað með sér sérstaka menningu þar sem valdsmenn og frægðarfólk nýtur enngar virðingar. Allir eru skotmörk og breskar stjörnur verða að gæta sín ef þær vilja ekki lenda í klónum á bresku pressunni.

Tveir íslenskir ráðamenn hafa fengið að kynna bresku pressunni af eigin raun eftir að fjármálakerfið hrundi eins og spilaborg. Geir H. Haarde mætti í fréttabátt BBC, HardTalk, og fékk þar smjörþefinn af því hvernig það er að vera í beinni útsendingu í alvöru fréttabætti. „Maybe I should have,“ voru fleg orð úr þeim bætti þegar þáttastjórnandinn spurði af hverju hann hefði ekki greint breska forsætisráðherranum frá óánægju sinni með hryðjuverkalegin. Ekkert ráðrúm var gefið til að leika pólitiska leiki, slá ryki í augu spyrilsins eða láta dæluna ganga.

Hinn ráðamaðurinn var Ólafur Ragnar Grímsson



sem mætti í viðtal til Newsnight á sömu stöð. Ólafur komst reyndar ögn betur frá sínu viðtali heldur en Geir og beitti meðal annars fáheyrðri kaldhæðni í svörum. En spyrillinn hikaði ekki við að gripa fram í þegar Ólafur fór úr einu í annað og krafði forsetann um nánari skýringar við svörum sínum með mjög ákveðnum hætti. Hann sýndi enn og aftur af hverju breskir fjölmiðlar teljast meðal þeirra bestu í heiminum. Og hvað það er nú gaman að horfa á valdsmenn stíga niður úr stóli of-virðingar, pakka öllu líðinu í nauðvörn og vona það besta.

FÖSTUDAGUR



► **18.30 It's Always Sunny in Philadelphia** STÖÐ 2 EXTRA



► **19.00 Einu sinni var... opin dagskrá** SKJÁREINN



► **19.20 Auddi og Sveppi** STÖÐ 2



► **19.35 WBA - Nottingham Forrest, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



► **20.10 Útsvar** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 16.00 Leidarljós** (e)
- 16.45 Leidarljós** (e)
- 17.30 Tákn málsfréttir**
- 17.40 Bjargvætturinn** (20:26)
- 18.05 Tóta trúður** (7:26)
- 18.30 Galdkrakkar** (5:13) Bandarísk þáttaröð um göldrótt systkini í New York.
- 19.00 Fréttir**
- 19.30 Veðurfréttir**
- 19.35 Kastljós**
- **20.10 Útsvar** (Fjótisdalshérað - Kópavogur) Spurningakeppni sveitarfélaganna. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Amórsdóttir.
- 21.15 Tildurrófur** (Material Girls) Bandarísk gamanmynd frá 2006. Tveir ríkar systur, erfingjar snyrtivörufyrirtækis, vakna upp við vondan draum þegar þær missa auð sinn vegna hneykslismáls. Aðalhlutverk: Hilary Duff, Haylie Duff, Maria Conchita Alonso, Anjelica Huston og Lukas Haas.
- 22.55 Taggart - Upphafið** (Taggart: Genesis:) Kona er myrt á leið í frjósemis- aðgerð á læknastofu og ráðist á hjúkrunarfræðing sem vinnur þar. Aðalhlutverk: Alex Norton, Blythe Duff, Colin McCredie og John Michie.
- 00.05 Leyfið börnunum...** (Lad de små børn) Dönsk verðlaunamynd frá 2004 um tilfinningarót ungra hjóna eftir að dóttir þeirra deyr. Aðalhlutverk: Sofie Gråbøl, Michael Birkkjær, Søren Pilmark, Lena Endre, Karen-Lise Mynster og Laura Christensen. (e)
- 01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

BÍÓ

- 08.00 Running with Scissors**
- 10.00 Jesus Christ Superstar**
- 12.00 Óskar og Jósefina**
- 14.00 Running with Scissors**
- 16.00 Jesus Christ Superstar**
- 18.00 Óskar og Jósefina**
- 20.00 Solaris** Vísindaskáldsaga með George Clooney í aðalhlutverki. Sálfræðingurinn Chris Kevlin heldur til starfa á plánetunni Solaris en ekkert fær undirbúið hann undir það sem í vændum er.
- 22.00 Prizzi's Honor**
- 00.05 Eyes Wide Shut**
- 02.40 Let's Go To Prison**
- 04.05 Prizzi's Honor**

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlamir, Ruff's Patch og Kalli litli Kanína og vinir.
- 08.15 Oprah**
- 08.55 Í fínu formi**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 The Doctors**
- 10.15 The Apprentice** (8:14)
- 11.05 America's Got Talent** (13:20)
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 La Fea Más Bella** (99:300)
- 13.45 La Fea Más Bella** (100:300)
- 14.30 La Fea Más Bella** (101:300)
- 15.15 Identity** (8:12)
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn og Kalli litli Kanína og vinir.
- 17.08 Bold and the Beautiful** Forrest-er-fjölskyldan heldur áfram að slá í gegn í tiskubransanum.
- 17.33 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu.
- 17.58 Friends** Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monica og Chandler í fullu fjöri, fjóra daga vikunnar.
- 18.23 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.47 Íþróttir**
- 18.54 Ísland í dag**
- 19.11 Veður**
- **19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur með þátt þar sem allt er leyfilegt.
- 20.05 Wipeout - Ísland** Bráðfjögurur skemmtipáttur fyrir alla fjölskylduna.
- 21.05 Logi í beinni** Skemmtipáttur fyrir alla fjölskylduna í umsjón Loga Bergmann.
- 22.00 Dumb and Dumber** Gamanmynd með Jim Carrey og Jeff Daniels í aðalhlutverkim. Leigubílsstjórinn Lloyd Christmas verður ástfanginn af einum farþega sinna og reynir að hafa uppá á honum ásamt dyggri aðstoð frá besta vini sínum, Harry Dunnes.
- 23.25 The Glow** Spennu- og dramamynd um Jackie og Matt sem eru nýgift og eru nýflutt í draumahúsnæðið í New York. Þau eru yfir sig ánægð með tilveruna, þangað til að hjón í eldri kanntinum sem búa í sama húsi fara að gera þeim lífið leitt.
- 00.55 The Descent**
- 02.30 Facing the Giants**
- 04.20 Wipeout - Ísland**
- 05.15 Friends**
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag**

SPORT

besta sætið

- 18.00 The Science of Golf** Í þessum bætti er rennt yfir golfsveifluna eins og hún leggur sig. Hvað eru kylfingar að gera rangt í sveiflunni? Svarið við því er að finna í þessum bætti.
- 18.25 Inside the PGA Tour 2010** Skyggst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.
- 18.50 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.
- 19.20 Atvinnumennirnir okkar: Logi Geirsson**
- 20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
- 20.30 NBA - Bestu leikirnir** Chicago Bulls - Celtics, 1986.
- 22.10 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarnar heims.
- 23.00 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
- 23.45 Poker After Dark**

SPORT 2

enski boltinn

- 17.25 Liverpool - Wolves** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.05 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
- **19.35 WBA - Nottingham Forrest** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
- 21.40 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.10 PL Classic Matches** Crystal Palace - Blackburn, 1992.
- 22.40 PL Classic Matches** Man. Utd. - Sheffield Wednesday, 1992
- 23.10 Premier League Preview 2009/10**
- 23.40 WBA - Nottingham Forrest** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist**
- 08.00 Dr. Phil** (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist**
- 16.20 What I Like About You** (5:18) (e)
- 16.45 One Tree Hill** (1:22) (e)
- 17.30 Dr. Phil**
- 18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
- 18.30 Still Standing** (5:20) Bandarísk gamanasería um hina skrutlegu Miller-fjölskyldu.
- **19.00 Einu sinni var...** Ný ævintýraleig stuttmynd í leikstjóm Brynju Valdísar. Regína Ina er sveitastúlka sem ákveður að hefja nýtt líf með því að flýta í borgina. Hún er blönd leitar athvarfs hjá Guddu frænku sinni. Aðalhlutverk: Ambjörg Hlíf Valsdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Benedikt Erlingsson og Þórhallur "Laddi" Sigurðsson. Sent út í opinni dagskrá. (e)
- 19.30 Fréttir** (e)
- 19.45 King of Queens** (8:25) Bandarískir gamanþættir um Doug og Carrie. (e)
- 20.10 Lína Langsokkur** Mynd byggð er á ævintýri eftir Astrid Lindgren.
- 21.35 30 Rock** (12:22) (e)
- 22.00 High School Reunion** (1:8) (e)
- 22.50 Lipstick Jungle** (11:13) (e)
- 23.40 Law & Order. Special Victims Unit** (17:19) (e)
- 00.30 King of Queens** (8:25) (e)
- 00.55 Premiere League Poker** (1:15)
- 02.35 Worlds Most Amazing Videos** (1:13) (e)
- 03.20 World Cup of Pool 2008** (30:31)
- 04.05 The Jay Leno Show**
- 04.50 The Jay Leno Show**
- 05.35 Óstöðvandi tónlist**

INN

- 20.00 Hrafnafingur** Heimstjórinn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
- 21.00 Tryggvi þór á alþingi** Hagfræðingurinn og alþingismaðurinn brýtur til mer-gjar brýnustu verkefni stjórnvalda á Íslandi.
- 21.30 Græðlingur** Í umsjón Guðröar Helgadóttur. (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTSALA · ÚTSALA · ÚTSA

20-50%

SOLO
ARINELDSTÆÐI



DRAUMEI OG DRAUMFARI
ÍSLENSK HEILSURÚM

LEGUGREINING OG FAGLEG RÁDGIÖF



ROYAL HÁGÆÐA
RAFMAGNSRÚM



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Wipeout – Ísland

Bráðfjörugur skemmtipáttur fyrir alla fjölskylduna. Þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða þraut á sem stystum tíma og reynir ekki aðeins á líkamlegan styrk heldur einnig kænsku, jafnvægi, snerpu og ekki síst heppni. Meðal þeirra sem spreyta sig á rauðu boltunum í kvöld er Sigga Lund, einn stjórnenda morgunþáttarins Zúuber á FM 95,7. Hún keppir meðal annars við blaðamann, sundkennara, fitness-meistara, fimleikameistara og leikskólakennara svo nokkrir séu nefndir.



► VIÐ MÆLUM MED
Logi í beinni

Stöð 2 kl. 21.10

Gestir Loga í kvöld eru Ágústa Eva Erlendsdóttir, söng- og leikkona, kvikmyndaleikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson, uppistandarinn Ari Eldjárn og tónlistarmaðurinn Berndsen. Fullkominn uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunúttvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vött og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisúttvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Á réttu hillu
14.03 Straumar

15.03 Úttvarpsagan: Við fótskör meistarans
15.25 Án ábyrgðar
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Fimm fjórðu
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Söngfuglar
21.10 Hringsól
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.05 Næturtonar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Úttvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Úttvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Úttvarp Saga		

EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 Supernanny (14:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp litla ólátabelgi og gefur gagnleg uppeldisráð sem virkilega skila árangri.

► 18.30 It's Always Sunny In Philadelphia (1:15) Gamanþáttaröð um fjóra vini sem reka saman bar en eru alltof sjálfum-glaðir til að geta unnið saman án þess að til áreksra komi, upp á hvern einasta dag.

19.00 The Doctors

19.45 Supernanny (14:20)

20.30 It's Always Sunny In Philadelphia (1:15)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

22.00 NCIS (1:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

22.45 Fringe (5:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á um að eigi sér yfimáttúrlagar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

23.30 Five Days (1:5) Áhrifamilj og vönduð framhaldsmynd frá HBO og BBC í fimm þáttum og fjallar um leyndardómsfullt hvarf móður og barnanna hennar.

00.25 Auddi og Sveppi

01.05 Logi í beinni

01.50 Fréttir Stöðvar 2

02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.20 The Black Adder 12.50 Lead Balloon 13.20 Doctor Who 14.05 Doctor Who 14.50 Sensitive Skin 15.20 Dalziel and Pascoe 16.10 The State Within 17.00 Robin Hood 17.45 The Weakest Link 18.30 Absolutely Fabulous 19.00 Sensitive Skin 19.30 Life on Mars 20.20 Marc Wootton Exposed 20.50 The Jonathan Ross Show 21.40 Sensitive Skin 22.10 Only Fools and Horses 22.40 After You've Gone 23.10 The Black Adder 23.40 Lead Balloon

DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del 12.30 Seinfeld 13.00 Rabatten 13.30 Bagom De vilde svaner 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Boogie 16.00 Chiro 16.05 Ni-Hao Kai Lan 16.30 Sigurd og Symfoniorkesteret 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport og Vejr 18.00 Disney Sjov 19.00 X Factor 20.00 TV Avisen 20.30 Spider-Man 22.25 The Life and Death of Bobby Z

NRK1

12.10 Ut i nærturen 12.25 Sport i dag 13.30 V-cup skiskyting 14.45 Snøbrett 16.00 NRK nyheter 16.10 Herskapelige gjensyn 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Førkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.40 Melodi Grand Prix 2010 19.55 Nytt på nytt 20.25 Etter katastrofen 22.00 Kveldsnytt 22.15 Etter katastrofen 23.15 På vingene med Iron Maiden

SVT 1

12.00 På spåret 13.00 Hopp för Tanzania 13.20 Skidskytte. Världscupen Oberhof 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Kraschen 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Minnenas television 18.00 Kulturnyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 På spåret 20.00 Morden i Midsomer 21.35 Strictly ballroom - De förbjudna stegen 23.10 Solens mat 23.40 Olycksfågeln

KL. 20:05
WIPEOUT ISLAND
MEDAL KEPPENDA VERDA:
SIGGA LUND ZÚUPERSTJARNNA OG
FREYR BJARNASON FÓTBOLTAKAPPI

ÍSLENSKIR FÖSTUDAGAR

KL. 21:05
LOGI Í BEINNI
MED ÁGÚSTU EVU, FRIÐRIKI ÞÓR
OG ARA ELDJÁRN

AUDDI & SVEPPI
MED EIDI SMÁRA
KL. 19:20

ÞAD ER
ÓDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: P4 P5 P6 P7 P8 P9 P10 P11 P12 P13 P14 P15 P16 P17 P18 P19 P20 AUK STIGVAXANDI AFSÁTTAB

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

MORGUNMATURINN



„Ég fæ mér oft smoothie, enda er ég snillingur í smoothie-gerð.“

Diljá Ámundadóttir, framleiðandi hjá CCP.

Nikita hannar snjóbretti fyrir K2

Íslenska tískumerkið Nikita fagnar tíu ára starfsafmæli á árinu með stæl því það er komið í samstarf við stórfyrirtækið K2 sem er einn stærsti snjóbrettaframleiðandi heims og afar virt. „Við erum búin að hanna fyrir þá bæði snjóbretti og bindingar fyrir stelpur og þetta verður selt undir nöfnum beggja fyrirtækja. Svo verða einnig uppkomur erlendis í samstarfi við dreifingaraðila og verslanir þar,“ segir Rúnar Ómarsson, einn af stofnendum fyrirtækisins.

Síðan þau Rúnar, Heiða Birgisdóttir og Valdimar Hannesson stofnuðu fyrirtækið árið 2000 hefur mikið vatn runnið til sjávar. Nikitavörurnar eru nú fáanlegar í um 1.500 verslunum í yfir þrjátíu löndum. „Við ætlum að gera ýmislegt til að halda upp á þennan áfanga,

það helsta er auðvitað að hafa opnað Nikitabúðina á Laugavegi nú í haust.

Nikitahúsið á Laugaveginum þjónar bæði sem verslun og vinnuástaða fyrir starfsfólk fyrirtækisins og að auki er leik- og listagarður á bak við húsið. „Það er fimmtíu fermetra útigallerí í garðinum þar sem hægt er að halda sýningar og einnig stórt svið þar sem við munum halda tónleika þegar við á í góðu samstarfi við nágranna.“

Aðspurður segir Rúnar að það hafi alltaf verið ætlunin að Nikita mundi vaxa og dafna með árunum. „Þetta var alltaf planið og við hefðum sjálfsagt ekki náð svona langt ef það hefði ekki verið svo frá upphafi. Velgengnin kemur því kannski ekki á óvart en við erum mjög ánægð með þetta,“ segir Rúnar að lokum.



FAGNA VELGENGNI Rúnar og Heiða Birgisdóttir ásamt Valdimar Hannessyni stofnuðu Nikita fyrir tíu árum. Fyrirtækið hefur hannað snjóbretti og bindingar fyrir K2.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
14				15
16		17		
18	19	20		
21				

LÁRÉTT

2. umrót, 6. borðaði, 8. svif, 9. fugl, 11. mjöður, 12. brestir, 14. pjátur, 16. skóli, 17. síðan, 18. andi, 20. bor, 21. staðarnafn.

LÓÐRÉTT

1. líkamshluti, 3. í röð, 4. skvetta, 5. frostskeimmd, 7. segulband, 10. poka, 13. stígandi, 15. lampi, 16. skammst., 19. tveir eins.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. hals, 3. að, 4. tvökvæ, 5. kal, 7. tónband, 10. ma, 13. ris, 15. kolia, 16. mbo, 19. dd.

LÁRÉTT: 2. rask, 6. át, 8. áta, 9. löm, 11. ól, 12. snark, 14. blikk, 16. ma, 17. svo, 18. önd, 20. al, 21. oddi.

INGA DUNGAL: FIMMTÁN SÚLUR Í NÝJU STÚDÍÓI

Íslenskar konur flykkjast í súludans eftir hátíðarnar

„Stelpum finnst þetta mjög spennandi. Þetta er líka svo hryllilega gaman,“ segir súludanskenningarinn Inga Dungal.

Súlufitness hefur verið í boði á Íslandi síðustu ár og nú hafa Inga og Halldóra Kröyer opnað stúdíó í líkamsræktarstöðinni Jaka-bóli. Þær sérhæfa sig í súluformi, -dansi, -jóga og hinum djarfa burlesque-dansi. Fimmtán súlur hafa verið sérsmíðaðar og settar upp í stúdíóinu og ásóknin í námskeiðin er mikil að sögn Ingu, en hún byrjaði að auglýsa í byrjun vikunnar og síminn hefur ekki stoppað síðan.

„Allar stelpur sem byrja halda áfram. Flestar koma líka sjálfum sér alveg rosalega á óvart í fyrsta tímanum. Þær fara upp og á hvolf strax og þeim finnst alveg stórmærkilegt hvað þær geta,“ segir Inga.

Inga segir stóran mun á súludansi og súluformi, en sá síðarnefndi er meira líkamlega krefjandi. „Í súluformi eru þær að gera krefjandi æfingar,“ segir hún. „En í súludansi er meira um snúninga og dans. Þetta eru tvö rosalega mismunandi námskeið. Súluformið býr til vöðva alveg rosalega hratt en í súludansi eru stelpurnar meira sexí og að dilla sér. En þetta er ekki stripp, þær klæða sig ekki úr neinum fatnaði.“

Það er semsagt ekki verið að þjálfar stelpur í að vera nektardansmeyjar?

„Nei. Á strippstöðunum eru þær að gera allt annað. Þessi list sem er á súluforminu er ekki inni á strippstöðunum. Þetta er meiri íþrótt. Tekur miklu meira á.“ Nánari upplýsingar er að finna á Facebook undir „súluform“.

Josy Zareen býður upp á súlufitness í Happy Eyes Studio og segir líkamsræktina vera mjög vinsæla. „Það er algengt að fólk byrji um áramót,“ segir hún. „Málið með súluna er að hún styrkir hendurnar og lagar „bingíóð“ hratt.“ Josy



Á SÚLUNNI Inga Dungal og Halldóra Kröyer hafa opnað stúdíó undir líkamsrækt á súlu. Fimmtán súlur eru í stúdíóinu og mun þær meðal annars bjóða upp á súluform og súlufitness.

vísar þar í spik sem safnast saman undir upphandleggnum.

„Ég byrjaði að auglýsa í vikunni og flest námskeiðin eru þegar full,“ segir Josy og bætir við að konur af öllum stærðum og gerð-

um sækji námskeiðin. „Konurnar líta á súluna og segjast ekki geta haldið sér á súlunni. En svo uppgötva þær að þær geta það. Allar konur geta það.“

atlifannar@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hinn litríki **Haffi Haff** kom fram á homma- og lesbíúklúbbnum Neighbours í Seattle á gamlárskvöld. Haffa var vel tekið á klúbbnum, sem er risavaxinn og á þremur hæðum. Vefútgáfa Seattle Gay News



birti ítarlegt viðtal við Haffa rétt fyrir áramót þar sem meðal annars fram að myndarlegustu karlmennirnir eru þaðan að mati Haffa og að hann hafi endurfæðst þegar hann flutti til Íslands.

Ög íslenski kvikmyndabransinn virðist vera að taka þann bandaríska sér til fyrirmyndar. Miklar vinsældir barna- og fjölskyldumyndarinnar Algjör sveppur og leitin að Villa fóru vart fram hjá neinum og nú eru tölur á mynd númer tvö þegar hafnar. Gert er ráð fyrir því að hún verði frumsýnd í september en hún ber heitið Algjör sveppur og dularfulla hótélherbergið.

Leikstjóri er sem fyrr Bragi Þór Hinriksson en ásamt **Sveppa** verða þeir Vilhelm Anton og Guðjón Davíð Karlsson í helstu hlutverkum.

Ög meira af Sveppa og hans vinum því hann ásamt Auðuni Blöndal fær góðan gest til sín í kvöld þegar Strákarnir fara aftur á stjá. Sjálfur **Eiður Smári Guðjohnsen** mun þá setjast í heita sætið og ætla þeir Sveppi og Auði að kasta vinnuhamnum og spyrja hann í þau út í fremur misheppnaðan flutning yfir til Mónakó og umfjöllun DV um fjárhag knattspyrnumannsins sem hann hefur reyndar kært.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Fimleikastjarna sýnir mikla fimi í Faust

Fimleikakonnan Svava Björg Örlygsdóttir leikur djöfla og gamalmenni í leikritinu Faust sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu 15. janúar. „Þetta er æðislegt,“ segir Svava Björg, sem verður í þremur hlutverkum. „Þetta er rosalega skemmtilegt fólk sem ég er að vinna með og manni leiðist ekkert á æfingum.“

Gísli Örn Garðarsson, leikstjóri Faust, og Jóhannes Niels Sigurðsson, sem sér um að koma leikurunum í gott form, æfðu báðir fimleika í Ármanni, rétt eins og Svava Björg. Hún er margfaldur Íslands- og bikarmeistari í hópfimleikum auk þess sem hún varð Norðurlandameistari í hópfimleikum 2007 og í öðru sæti á tveimur Evrópumótum í hópfimleik-

um. Sú reynsla nýtist henni heldur betur vel í Faust, þar sem hún hoppar um allt í svörtum latex-búningi með litla púka-vængi á bakinu.

Hún segir að engin hætta sé á ferðum í Borgarleikhúsinu þrátt fyrir allan hamaganginn. „Alls ekki. Við erum alltaf með öryggið til staðar og erum ekkert að ana út í neitt. Þetta virðist margt vera mjög hættulegt en auðvitað er ekki hægt að láta okkur gera neitt sem er hættulegt, þá yrði engin sýning. Maður þarf bara að láta vaða,“ segir hún og óttast engan sviðsskrekk þrátt fyrir að þetta sé fyrsta leik-sýningin hennar. „Maður er vanur að gera alls konar hluti enda hef ég yfirleitt verið ein í fimleikumum. Ég get ekki beðið.“



SVÍFUR UM SVIÐIÐ Svava Björg svífur um sviðið með litla púka-vængi á bakinu og í svörtum latex-búningi í leikritinu Faust.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

BÍLMAGNARARAR MP3 SPILARAR
MAGNARAR ÚTVÖRÞ
BÍLTÆKI
FERÐATÆKI PRÁÐLAUSIR SÍMAR
HÁTALARAR SJÓNVÖRÞ MYNDAVÉLAR
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVRKARAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

NAD OG DENON HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR. AFSL.
PHILIPS SJÓNVÖRÞ MEÐ ALLT AÐ 120.000 KR. AFSLÆTTI
WHIRLPOOL ÞVOTTAVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI
POTTAR OG PÖNNUR MEÐ 30% AFSLÆTTI
BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR, TÖFRASPROTAR OG
STRAUJÁRN FRÁ KR. 1.995
KÆLISKÁPAR, FRYSTISKÁPAR OG
KISTUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Sjá allt úrvalið á ht.is

 **Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO  Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO  scan domestic
 ide line Melissa TecnoWind  Bauknecht elna exido VESTFRÖST  indesit  DeLonghi  Whirlpool

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sigurgangan í Screen Daily

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur sigurganga Bjarnfreðarsonar verið mikil. Og nú hefur hún ratað í erlenda fjölmiðla. Eitt virtasta kvikmyndatímarið heims, Screen Daily, fjallar nefnilega um þá staðreynd að í 23 löndum af 24 sé stórmyndin Avatar í toppsætinu. Á Íslandi sé það hins vegar gamanmyndin

Bjarnfreðarson.



Þetta þykir blaðamanni nokkuð merkilegt þótt því skuli haldið til haga að Avatar náði þeim árangri að verða tekjuhæsta mynd síðasta árs þrátt fyrir að hafa aðeins verið sýnd í tíu daga á gamla árinu.

Jakkafötin á undanhaldi

Forseti Íslands hefur í tvígang á undanförunum dögum rætt við blaðamenn á Bessastöðum. Athygli hefur vakið að það er af sem áður var að blaðamenn og ljósmyndarar sem ekki koma í sínu finasta þússi í forsetabústaðinn séu jafnvel dregnir afsíðis og látnir klæða sig í jakkaföt af forsetabilstjóra svo engum verði nú misboðið. Nú er allt leyfilegt, og mátti jafnvel sjá blaðamann í gaurrifinni hettupeysu sitja og ræða málin við forsetann í gær. Er þetta til marks um að frjálslyndið hafi loks hafið innreið sína á Bessastaði.

Óvinur óvina minna...

Ófáir hafa tekist á við Ólaf Ragnar Grímsson síðustu áratugi. Einn þeirra er **Ástþór Magnússon**, sem tvisvar hefur boðið sig fram til forseta gegn honum. Ástþór hefur nú stigið fram og boðið aðstoð sína í Icesave-málinu. Segir hann engan betur til þess fallinn en hann sjálfan til að semja um málið upp á nýtt. Í ljósi óánægju Steingríms J. Sigfússonar með framgöngu forsetans hlýtur hann að íhuga vandlega hvort ekki mætti senda honum sneið með því að ráða þennan tvöfalda keppinaut hans sem nýjan aðalsamningamann.



Mest lesið **VISIR.IS**

- 1 Lést í eldsvoða á Hverfisgötu
- 2 Miliband hafði ekki tíma til að tala við Össur
- 3 Björguðu manni úr brennandi húsi á Hverfisgötu
- 4 Ástþór býðst til að semja um Icesave fyrir Ísland
- 5 Heilinn hennar ömmu

71,4%

29,3%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 - október 2009.

Betra verð

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI



IFÖ Next sturtuklefi 80x80
Verð kr. **99.900,-**



Mora FMM sturtuset
Verð kr. **4.980,-**



IFÖ innrétting 75 cm
Verð kr. **69.900,-**



Sphinx Lugano borðhandlaug
Verð kr. **9.960,-**



IFÖ salerni með setu
Verð kr. **34.900,-**



Mora FMM eldhústæki
Verð kr. **9.960,-**



Sphinx upphengt salerni, geberit kassi, seta og spjald
Verð kr. **55.900,-**



Adrian stál ræstivaskur
Verð kr. **22.900,-**



Mora baðtæki
Verð kr. **24.900,-**



Mora sturtut. með upp-/niðurst.
Verð kr. **17.500,-**



Mora FMM handlaugartæki
Verð kr. **9.960,-**

Fagmennska í fyrirrúmi

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opíð virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is